



# Katrínu skipt inn fyrir Bjarna í dag

Flókin staða er komin upp eftir að Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sleit stjórnarmyndunarviðræðum við Viðreisn og Bjarta framtíð. Búist er við að forseti Íslands feli í dag Katrínu Jakobsdóttur, formanni Vinstri grænna, umboð til stjórnarmyndunar. Píratar segjast tilbúnir í fimm flokka stjórn. Formaður Samfylkingarinnar segir hana tilbúna í ríkisstjórn og formenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar segjast reiðubúnir í viðræður. Formaður Framsóknarflokksins segir að farið hafi verið of geyst í að útiloka flokka frá stjórnarmyndun. Sjá síðu 4

Bjarni Benediktsson gekk í gær á fund Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, og skilaði umboði til stjórnarmyndunar sem hann fékk 2. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Íslandsbanki tilbúinn til sölu

**VIÐSKIPTI** Að mati Birnu Einarsdóttur bankastjóra er Íslandsbanki nú tilbúinn til sölu. Hún segir áherslur varðandi söluferli bankans hafa breyst er ríkið eignaðist hann. „Við erum með tilbúið gagnaherbergi og erum klár í slaginn þegar eigandinn vill skoða þessi mál,“ segir Birna. Raunhæft sé að erlendir aðilar eignist bankann að hluta. – sg / sjá Markaðinn



## Þúsundir Íslendinga á skyndikynnasíðu

**TÆKNI** Alls 10.459 íslensk netföng eru skráð á skyndikynnasíðuna Adult-FriendFinder. Upp komst um mikla tölvuárás á gagnagrunn síðunnar, sem og vefmyndavélaklámsíðurnar iCams og Stripshow auk annarra sambærilegra síðna á sunnudag. Þá kvaðst vefsíðan Leaked Source hafa notendaupplýsingar 412 milljóna notenda undir höndum, þar af 340 milljóna notenda AdultFriendFinder. Til samanburðar var upplýsingum 32 milljóna notenda stefnumótasíðunnar Ashley Madison stolið í fyrra, þar af voru 128 með íslensk netföng.



10.459 íslensk netföng eru skráð á skyndikynnasíðuna Adult-FriendFinder.

Leaked Source svaraði fyrirspurn Fréttablaðsins og sendi lista af algengustu netfangaendingum sem enda á .is. Listinn nær eingöngu yfir netföng skráð á Adult-FriendFinder. Langflestir notenda voru með netföng sem enda á @visir.is, næstflest enda á @simnet.is eða 2.116, og þar á eftir kemur @internet.is, alls 656 talsins. Það eru tölvupóstþjónustur sem eru eða hafa verið opnar almennum internetnotendum eða hafa fylgt með nettengingu viðkomandi notanda. – þea / sjá síðu 6

Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Hjörtur Magni Jóhannsson skrifar um útvarpsmessur. **13**

**SPORT** Frábæru ári lýkur með viðeigandi endi. **18**

**LÍFID** Tvö af börnum leikarans Atla Rafns hafa nú unnið Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla. **34**

**PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK • MARKAÐURINN**

\*Samkvæmt prentmiðalakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÞÚ ÞARFT  
**Nesti**  
á morgnana

Nestlé hluti af **NI**

VERTU LAUS VIÐ  
**LIDVERKI**

**NUTRILENK™**  
GOLD

**ALLT FYRIR  
VEISLUNA**


Finndu okkur á

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



Veður



1° → 11  
1° → 4  
-0° → 8  
-0° → 1  
-5° → 2

Vaxandi norðanátt á landinu, eljagangur fyrir norðan en léttir til fyrir sunnan. Norðan hvassviðri eða stormur og samfelld snjócoma norðan til annað kvöld. Kólnar í veðri. **SJÁ SIÐU 22**



Í Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## List um konur í Gömlu höfninni

**MENNING** Halda á samkeppni um listaverk á hafnarsvæði Gömlu hafnarinnar í Reykjavík um þátttöku kvenna í atvinnulífinu á höfninni. Stjórn Faxaflóahafna hefur samþykkt að óska eftir samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna um verkefnið.

Í minnisblaði skipulagsfulltrúa Reykjavíkur kemur fram að samkeppnin verði opin öllum myndlistarmönnum. Þátttakendur eiga að skila inn frumdrögum ásamt stuttri lýsingu á hugmynd. Síðan velji dómnefnd eina eða fleiri hugmyndir í lokaðri samkeppni þar sem greidd verði verðlaun. Upphæðina eigi að ákveða í samráði við SÍM. – gar

## Tíminn er kominn



„Við erum búin að selja allt nema kennarastólana undan okkur,“ sagði Sigrún Björk Cortes á fjölmönnum samstöðufundi grunnskólakennara í Háskólabíói. Fyrsti samningafundur kennara og sveitarfélaga var hjá ríkissáttasemjara í fyrradag og nýr fundur er boðaður í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þjóðfáninn blakti við hún er fyrstu fangarnir komu í fangelsið á Hólmsheiði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fangar inn á Hólmsheiði

**FANGELSISMÁL** Formlegur fangelsisrekstur hófst í nýju fangelsi á Hólmsheiði í gær þegar kvenna-deild fangelsisins var tekin í notkun. Í fangelsinu eru 56 fangapláss.

Til að byrja með verður aðeins kvennadeild tekin í notkun en á næstu dögum mun Fangelsis-

málastofnun hefja boðun fanga til afplánunar í nýja fangelsið og taka fleiri deildir í notkun.

Að lokum mun gæsluvarðhalds-einangrun flutt úr fangelsinu á Litla-Hrauni í nýja fangelsið. Gert er ráð fyrir að það verði gert í upphafi næsta árs. – jhh

# Þarf hundruð milljóna fyrir Hegningarhúsið

Miklar framkvæmdir eru fram undan við húsnaðið sem hýsti fangelsið á Skólavörðustíg. Kostnaðurinn hefur verið varlega áætlaður 240 milljónir króna sem nú er talið of lítið. Húsið verður ekki tekið í notkun aftur á næstu tveimur árum.

**STJÓRNSÝSLA** Ráðast þarf í endurbætur á húsnaðinu sem hýsti fangelsið á Skólavörðustíg. Fangelsinu var lokað í sumar, enda verið að taka nýtt fangelsi á Hólmsheiði í notkun. Gera má ráð fyrir að engin starfsemi verði í húsinu fyrr en seinni hluta ársins 2018.

Snævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ríkiseigna, sem hafa umsjón með fasteignum í eigu ríkisins, segir að kostnaður við endurbæturnar muni ekki verða undir 240 milljónum króna.

„Það var gerð mjög gróf kostnaðaráætlun 2014, sem Fangelsismálastofnun lét gera. Sú áætlun hljóðaði upp á 240 milljónir eða eitthvað svoléiðis. Við teljum að það sé of lág áætlun, enda var það bara viðmið þannig að menn áttuðu sig eitthvað á stærðargráðunni,“ segir Snævar. Hann segist ekki geta ímyndað sér að kostnaðurinn verði undir þeirri upphæð.

Snævar segir að frá því að Ríkiseignir tóku við húsinu í byrjun sumars hafi verið unnið að undirbúningi varðandi viðhaldsmál.

„Það væntan-

●● Það hefur verið talað á þeim notum að það verði auglýst eftir einhvers konar viðskiptahugmyndum.

Snævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ríkiseigna

lega liggur fyrir einhver frumkostnaðaráætlun í desember. Við gerum ráð fyrir að næsta ár fari í undirbúning. Þetta er mjög sérhæft bæði varðandi steinhleðslurnar og þökin og annað,“ segir hann.

Snævar tekur fram að meginframkvæmdaþunginn verði árið 2018. Hann bendir á að húsið sé fríðað að utan og að hluta til að innan.

Snævar segir að ekki sé farin af stað nein vinna við að ákveða hvað á að gera við húsið að loknum framkvæmdum. Sú vinna sé í höndum fjármálaráðuneytisins.

„Það hefur verið talað á þeim notum að það verði auglýst eftir einhvers konar viðskiptahugmyndum,“ segir hann. Hugmyndir hafa verið reifaðar um einhvers konar tekjuberandi starfsemi eða safnrekstur.

„Lengra er þetta mál ekki komið og svo sem ekkert sérstakt sem rekur á eftir því annað en að þetta er hús sem hefur ekki verið í neinum notum í fjóra mánuði,“ segir Snævar. jonhakon@frettabladid.is



## MASTER® HITABLÁSARAR

Þessir einu sönnu gæða hitablásarar. Þjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu. Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara. Viðurkennd viðgerða- og varahlutabjónusta.



ÞÓR

<b>Reykjavík:</b> Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	<b>Akureyri:</b> Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	<b>Vefsíða:</b> www.thor.is
--	--	--------------------------------



Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg var lokað snemma í sumar og við blasir að ráðast þarf í framkvæmdir við það á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL





## Íslenskan á Netinu

Líkt og önnur tungumál heimsins hefur íslenskan haslað sér völl á Netinu. Þar kemst hún um allan heim á örskotsstund, er öllum aðgengileg alltaf, á í alls kyns frjóu samtali við önnur tungumál heimsins. Snertir alla sem vilja snerta hana.

Hlutverk okkar allra er að nýta þessa spennandi möguleika til að láta málið okkar blómstra. Vanda tjáningu okkar, njóta þess að láta íslenskuna með sínar djúpu rætur og frjóa sköpunarkraft mæta nýjum heimi og áskorunum hans.

MS er stolt af því að hafa stuðlað að eflingu móðurmálsins ásamt Íslenskri málnefnd í rúm 20 ár.

*Til hamingju með dag íslenskrar tungu*



# Vinstri grænir og Björt framtíð bæta við sig í nýrri könnun MMR

**STJÓRN MÁL** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 26 prósentu fylgi í nýrri könnun MMR og er stærstur flokka. Þetta er þremur prósentum minna en flokkurinn fékk í kosningunum 29. október en munurinn er þó innan skekkjumarka. Píratar tapa líka, eru með 11,9 prósentu fylgi en fengu 14,5 prósent í kosningunum. VG mælist með 20,7 prósentu fylgi en var með 15,9 prósent í kosningunum. Björt framtíð bætir líka við sig samkvæmt könnuninni, fer úr 7,2 í 9,6 prósent. Sú niðurstaða kann að koma á óvart í ljósi þess að forysta flokksins hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir þær stjórnarmyndunarviðræður sem hann hefur verið í undanfarna daga, með Sjálfstæðis-



**Katrín Jakobsdóttir**  
VG bætir við sig fylgi.



**Bjarni Benediktsson**  
Sjálfstæðisflokkur tapar fylgi.



**Óttar Proppé**  
Björt framtíð eykur fylgið.




**Birgitta Jónsdóttir**  
Píratar tapa fylgi.


flokki og Viðreisn. Þá hefur Óttar Proppé, formaður flokksins, líka verið gagnrýndur fyrir mikið samstarf við Viðreisn eftir kosningar. Framsóknarflokkurinn fer úr 11,5 prósentum niður í 9,4 prósent. Samfylkingin stendur nánast í stað, mælist í 5,7 prósentum, sem er

nánast það sama og flokkurinn fékk í kosningunum. Könnunin var gerð dagana 7. til 14. nóvember. Í úrtaki voru einstaklingar 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. 904 einstaklingar, 18 ára og eldri svöruðu könnuninni. – jhh

/// Kosningar 2016



/// Könnun 7.-14. nóv.



Nokkrar breytingar hafa orðið á fylgi stjórnmálaflokkanna frá því að kosið var til Alþingis 29. október ef marka má skoðanakönnun MMR.



Sturlaugur Jón Björnsson með verðlaunagripina. MYND/EUROPEAN BEER STAR

## Bjórinn frá Borg lagði tvö þúsund

**ÞÝSKALAND** Surtur nr. 30 hlaut á dögunum gullverðlaun í flokki reykttra bjóra í hinni alþjóðlegu European Beer Star. Riflega tvö þúsund bjórar frá 44 löndum kepptu um þann titil. Surtur, sem er taðreyktur, var sagður einstakur á heimsvísu og tefla fram íslenskri arfleifð á skemmtilegan hátt. „Framan af þótti fólki þetta helst til framandi sem bragð- og lyktareinkenningu í bjór held ég, en með frekari þróun á brugguninni og kannski vaxandi áhuga fólks fyrir öðruvísi bjórum er þetta orðið eftirsótt,“ segir Sturlaugur Jón Björnsson, bruggmeistari hjá Borg. – jõe

## Metþátttaka í íbúakosningu

**REYKJAVÍK** Met hefur verið slegið í íbúakosningu um framkvæmdir á kosningavef Reykjavíkurborgar. Kosningunni lýkur á morgun. Í fyrra tóku 7.103 þátt í kosningunni en nú þegar hafa fleiri kosið. „Síðast kusu flestir síðasta dag kosningarinnar,“ segir Róbert Bjarnason hjá Íbúum Ses. Kosningaþátttaka er hlutfallslega meiri í flestum hverfum borgarinnar. Grafarholt og Úlfarsárdalur skara fram úr. Þar hafa ríflega tíu prósent íbúa kosið nú þegar. Kosningu lýkur á miðnætti á morgun. – jõe

**STJÓRN MÁL** Fyrsti valkostur Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna, er fimm flokka ríkisstjórn frá vinstri og að miðju. Katrín fer á Bessastaði klukkan eitt í dag til fundar við forseta Íslands. Fastlega er búist við því að hún fái þar formlegt umboð til stjórnarmyndunarviðræðna. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sleit viðræðum við Bjarta framtíð og Viðreisn fyrirpartinn í gær eftir að flokkunum mistókst að ná sáttum um málefni tengd Evrópusambandinu og sjávarútveginum. Bjarni fundaði með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, í gær og upplýsti hann um stöðu mála. „Ég tel að samtöl undanfarinna daga hafi leitt í ljós að það væri afar óvarlegt að leggja af stað með þann málefna grunn sem um er rætt og nauman meirihluta inn í kjörtímabilið. Margt segir mér að aðstæður kalli á ríkisstjórn með breiðari skírskotun og sterkari meirihluta en þann sem þessir þrír flokkar geta boðið,“ sagði Bjarni eftir fundinn með forsetanum. Vísaði hann þar líklega til mögulegs samstarfs síns flokks og Vinstri grænna. Katrín sagði í viðtölum í gær að hennar fyrsti kostur væri að mynda fimm flokka vinstristjórn. Slík stjórn myndi að öllum líkindum undanskilja núverandi ríkisstjórnarflokka. „Við erum reiðubúin að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi,“ segir Einar Aðalsteinn Brynjólfsson, þingmaður Pírata og einn þriggja umboðsmanna flokksins í stjórnarmyndunarviðræðum. Áður höfðu Píratar nefnt til sögunnar þann möguleika að flokkur-



Bjarni Benediktsson yfirgefur Bessastaði eftir fund sinn með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands í gær. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

inn myndi verja minnihlutastjórn falli. Aðspurður um mögulega fimm flokka stjórn segir Einar það vera einn möguleikann í stöðunni. „Við tókum ekki þátt í að styðja ríkisstjórn sem inniheldur Framsókn. Þar er hver höndin upp á móti annarri og ég lit svo á að á meðan sé hann ekki stjórnstærur,“ segir Einar. Logi Már Einarsson, formaður

Samfylkingarinnar, segir að flokkurinn útiloki ekkert. „Við þessar flóknu aðstæður þá verðum við sem ábyrgur flokkur að velja því fyrir okkur með hvaða hætti við getum orðið að liði,“ segir Logi. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, segir mikilvægt að menn andi með nefinu

og itrekar þá skoðun sína að þjóðin hafi verið að kalla eftir breiðri ríkisstjórn með víða skírskotun. „Framsóknarflokkurinn er alltaf tilbúinn til þess að koma að myndun ríkisstjórnar. Mér þykir menn hafa farið of geyst í að útiloka samstarf við hina og þessa flokka og því er staðan örlið flókin,“ segir Sigurður Ingi. [johannoli@frettabladid.is](mailto:johannoli@frettabladid.is)

„Bráðskemmtileg.“  
Egill Helgason / Kiljan

„... á alveg örugglega eftir að verða klassík í íslenskum minningabókum. Hún er full af góðum sögum, frábærum pælingum og snilldarlega frambornu mannviti ...“  
Einar Kárason / DV

„Ofboðslega heillandi.“  
Sunna Dís Másdóttir / Kiljan



# KOMDU Í HÖLLINA!

## 100

FYRSTU SEM  
VERSLA FÁ  
GLAÐNING  
FRÁ OKKUR

## JÓLAKVÖLD Í HÖLLINNI

Bíldshöfða 20, Reykjavík

16. nóvember  
kl. 19<sup>00</sup>–22<sup>00</sup>


## UPPLIFÐU YNDISLEGA JÓLASTEMNINGU MEÐ OKKUR

Léttar veitingar og ljúfir jólatónar  
í bland við skemmtilegar uppákomur

Góðgæti í boði  
Nóa Síríus



TARAMAR  
kynnir afburða  
hreinar lífvirkar  
húðvörur sem  
eiga ekki sinn  
líka á markaði.



## Allar smávörur á 25% afslætti!\*



\*gildir ekki ofan á önnur tilboð



Mjólkursamsalan gefur gestum að  
smakka á jólaostum og  
öðru góðgæti.



Sigga Kling  
spáir í fram-  
tíðina fyrir  
gesti eins og  
henni einni er  
lagið.



Rúnar hjá  
kokkarnir.is  
framreiðir  
jólahráskinku  
fyrir gesti af  
alkunnri snilld.



Reykjavík  
Bíldshöfði 20 – S: 558 1100  
[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)

JÓLAKVÖLD VERÐUR Í HÚSGAGNAHÖLLINNI Á AKUREYRI  
FÖSTUDAGINN 18. NÓVEMBER KL. 19<sup>00</sup>–22<sup>00</sup>



HÚSGAGNA  
HÖLLIN





Talmeinafræðingarnir Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir komu forritinu Orðagulli á koppinn.

# Kynna app íslenskrar tungu

**ÍSLENSKA** Smáforritið Orðagull, mál-örvunarapp fyrir spjaldtölvur, kemur út í dag í tilefni af degi íslenskrar tungu. Forritið er hannað fyrir elstu börn í leikskóla og yngstu börn í grunnskóla.

Viðburðurinn er aðeins einn fátíð í tilefni dagsins. Í Hörpu mun forseti Íslands opna vefsíðuna málið.is og boðið verður upp á upplestur verðlaunahafa í Stóru upplestrarkeppninni. Dagskrá verður einnig í Safnahúsinu í Vestmannaeyjum, Flensborgarskólanum, á vegum íslenskunema í Háskóla Íslands í Árnagarði og í sendiráði Íslands í Ósló. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu menntamálaráðuneytisins.

Höfundar eru Bjartey Gunnarsdóttir, talmeinafræðingur og læsisráðgjafi hjá Menntamálastofnun, og Ásthildur Bj. Snorradóttir, yfirtalmeinafræðingur hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Árið 2010 gáfu þær út bók sem bar sama

nafn en smáforritið byggir á sama grunni. „Hugmyndin kviknaði þegar spjaldtölvuvæðingin hófst. Margir leik- og grunnskólar bjóða upp á kennslu á spjaldtölvur en námsefni á íslensku skortir,“ segja Bjartey og Ásthildur. Hún segir að í talmeina- og læsisheimum merki menn augljósan mun á hve orðaforða íslenskra barna er að fara aftur.

„Mörg börn kunna orðin á ensku en ekki íslensku. Það er gott mál ef börn læra annað tungumál en það er grafalvarlegt ef það bitnar á íslenskunni.“

Útgáfa forritsins er lítið skref í að bregðast við þessari þróun. Smáforritið kemur út í dag og verður fánlegt ókeypis fyrir tæki með iOS-stýrikerfi. Þegar lagt var í vinnuna var markmiðið að hafa forritið frítt og það tókst með styrkjum frá Rannís, Barnavinafélaginu Sumargjöf og Minningarsjóði Bjarna Snæbjörnssonar og Helgu Sumarliðadóttur. – jõe

# Ráðherra tekinn höndum

**RÚSSLAND** Alexei Ulyukayev, fjármálaráðherra Rússlands, var handtekinn í fyrrinótt. Hann er sakaður um að hafa þegið 225 milljónir króna í mútur. Frá þessu greinir SK, rússnesk stofnun sem ætlað er að uppræta spillingu.

Ulyukayev er valdamesti maður sem hefur verið handtekinn í 25 ára sögu rússneska sambandsríkisins. Talskona SK, Svetlana Petrenko, sagði hann hafa verið gómaðan við að þiggja mútur á mánudag.

Málið tengist kaupum olíurísans



Alexei Ulyukayev, fjármálaráðherra Rússlands

Rosneft á fimmtíu prósentu hlut í olíufyrirtækinu Bashneft sem er í eigu rússneska ríkisins. Ulyukayev var upphaflega mótfallinn kaupunum en Vladimir Pútín forseti var þeim hlynntur. – þea

# Vopnin kvödd



Sérkennilegt bál logaði á ökrum í Ngong skammt fyrir utan Nairóbí, höfuðborg Kenýa, í gær. Í bálkestinum voru 5.250 ólögleg skotvopn. Yfirvöld í landinu hafa skorið upp herör gegn slíkum vopnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


# Tíu þúsund Íslendingar á AdultFriendFinder

Tölvuþrjótar brutust inn í gagnagrunn skyndikynnasíðunnar AdultFriendFinder og stálu upplýsingum hundraða milljóna notenda. Þúsundir Íslendinga eru þar á meðal. Tölf eru með netföng frá Kópavogsbæ og tveir frá Reykjavíkurborg.

**TÆKNI** Að minnsta kosti 10.459 Íslendingar eru skráðir á skyndikynnasíðuna AdultFriendFinder. Svo margir notendur eru í það minnsta skráðir á síðuna með netfangi sem endar á .is. Þar af eru flestir sem hafa skráð sig með netfangi sem endar á @visir.is eða 3.605 talsins. Upp komst um stærðarinnar tölvuárás á gagnagrunn síðunnar, sem og vefmyndavélaklámsiðnanna iCams og Stripshow auk annarra sambærilegra síðna á sunnudag þegar vefsíðan Leaked Source sagðist hafa notendaupplýsingar 412 milljóna notenda undir höndum, þar af 340 milljóna notenda AdultFriendFinder. Til samanburðar var upplýsingum 32 milljóna notenda Ashley Madison stolið í fyrra, þar af voru 128 með íslensk netföng. Leaked Source segist hafa fengið gögnin frá nafnlausum tölvuþrjótum og hyggst vefsíðan ekki birta upplýsingarnar. Langflest netfanganna og lykilorðanna eru frá AdultFriendFinder sem auglýsir sig sem „stærsta samfélag kynlífs- og makaskiptaáhugamanna í heiminum“.

Leaked Source svaraði fyrirspurn Fréttablaðsins og sendi lista af algengustu netfangaendingum sem endar á .is. Listinn nær bara yfir netföng skráð á AdultFriendFinder og voru netföngin 10.459 talsins eins og áður segir. Fréttablaðið hefur þó ekki undir höndum einstök netföng eða lykilorð skráðra notenda.

Langflestir notenda voru með netföng sem endar á @visir.is, næstflest



Notandi AdultFriendFinder við tölvuna. Myndin er sviðsett. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Algengustu endingar netfanga

@visir.is 3.605	@torg.is 221	@strik.is 170
@simnet.is 2.116	@mi.is 217	@talnet.is 127
@intenret.is 656	@isl.is 201	@hi.is 110
@hive.is 292	@unseen.is 178	@mmedia.is 100

enda á @simnet.is eða 2.116, og þar á eftir kemur @internet.is, alls 656 talsins. Það eru tölvupóstþjónustur sem eru eða hafa verið opnar almennum internetnotendum eða hafa fylgt með nettengingu viðkomandi notanda.

Á meðal annarra áhugaverðra netfangaendinga eru @hi.is en 110 manns með netföng frá Háskóla Íslands hafa skráð sig á síðuna. 42 hafa hins vegar skráð sig með netfangi sem endar á @ru.is sem er lén Háskólans í Reykjavík. Fimmtán hafa skráð sig með net-

fangi sem endar á @verso.is, fjórtán með @nff.is og ellefu með @mr.is en það eru netfangaendingar Verslunarskólans, Nemendafélags Flensborgarskólans og Menntaskólans í Reykjavík. Sextán hafa skráð sig með netfangi sem endar á @eimskip.is, tólf með netfangi sem endar á @kopavogur.is og jafn margir með netfangi sem endar á @atlanta.is, tveir með netfangi sem endar á @reykjavik.is og netföng fimm notenda enda á @n1.is. thorgnyr@frettabladid.is

## NÚ REYNIR Á LUNGUN

Er lungnaheilsan þín í lagi?

Öndunarmæling hjálpar til við greiningu lungnasjúkdóma og er hún framkvæmd með fráblástursmæli (spirometer) sem til er á öllum heilsugæslusöðvum.

Fráblástursmæling er einföld rannsókn og með henni má til dæmis greina hvort um er að ræða astma eða langvinnandi lungnateppu.

Ef spurningarnar hér til hliða eiga við um þig þá ráðleggjum við þér að fara í öndunarmælingu.

**ANDADU LÉTTAR!**

Eiga þessar spurningar við um þig?

Reykir þú eða hefur þú reykt?

Ertu með þrálátan hósta?

Ertu með slímuppgang frá lungunum?

Ertu með áreynslumæði?

**SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA**

Síðumúla 6, 108 Reykjavík  
Sími: 560-4812

[www.lungu.is](http://www.lungu.is)



# Lækkað verð í nóvember – með kaupauka



## KAUPAUKI

Ný vetrardekk frá Nokian  
komin undir og sumardekk  
í skottið.

Verðmæti kaupauka:  
**298.000 kr.**

## FORD EDGE TITANIUM S AWD DÍSIL STÓRT SKOTT OG MIKIÐ INNANRÝMI

Edge er stærsti fjórhjóladrifni jeppinn í sínum flokki með risastórt farangursrými og ótrúlegt innanrými. Hann er kraftmikill, búinn 210 hestafla dísilvél og dregur auðveldlega ferðavagn fjölskyldunnar um ótroðnar slóðir enda er vel hátt undir lægsta punkt.

Ford Edge er sannkallaður lúxusbíll með tölvustýrðri loftkælingu og leðuráklæði á sætum, bakkmyndavél, sí tengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommy snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Edge.

## TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD EDGE TITANIUM S AWD  
SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL FRÁ 8.590.000 KR.

## VETRARVERÐ OG KAUPAUKI TIL 19. NÓVEMBER

FRÁ **7.990.000 KR.**



Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Edge AWD  
- komdu núna og tryggðu þér Edge AWD á vetrarverði með kaupauka

[ford.is](http://ford.is)



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



# Til sölu: **VIRKA** Landspekkt vefnaðarvöru- verslun

VIRKA í Mörkinni 3 er öflugt fyrirtæki í góðum rekstri með gott orðspor og vörumerkjavild (goodwill). Mikil vörubreidd; allskonar vefnaðarefni, bútasaumsvörur, saumavörur, tölur, skrautvörur o.fl. Einstakt og skemmtilegt tækifæri fyrir áhugasama aðila.

Áhugasamir hafi samband við:  
Brynhildi Bergþórsdóttur, brynhildur@kontakt.is  
eða Guðna Halldórsson, gudni@kontakt.is  
Sími 4141200

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

## KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

globalM&A Iceland

Haukur 11-16


## Drive flísasagir



Drive BL200-570A,  
800W, 200mm blað,  
borð 790x390cm  
**37.900**



Drive BL200-490B,  
1250W, 200mm blað,  
borð 790x390cm  
hlíðarstækkun  
**54.900**



Drive BL180D,  
500W, 180mm blað,  
borð 590x385mm  
**25.900**



Drive BL230-1200,  
1250W, 230mm blað,  
borð 1035x455mm  
hlíðarstækkun  
**169.900**



### MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Fuglavík 18, Reykjanesbæ



Allt samfélagið þarf að halda vöku sinni hvað varðar vannæringu gamals fólks – sem getur verið erfitt að greina. FRÉTTABLAÐID/GVA

# Vannæring aldraðra þarf athygli frá öllum

Vannæring gamals fólks er alvarlegt vandamál sem verðskuldar athygli samfélagsins alls, er mat Embættis landlæknis. Nærtækt er að kanna hvort gamalt fólk er vannært þegar það leitar til læknis eða skiptir við heilbrigðisstarfsfólk.

Svavar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Nærtækt væri að huga að næringarástandi gamals fólks þegar það leitar læknis eða á samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Staðfesting á vannæringu gamals fólks sem liggur inni á sjúkrastofnunum, sem og þeirra sem dvelja heima, er alvarlegt vandamál sem verðskuldar sérstaka athygli samfélagsins.

Þetta segir Laura Sch. Thorsteinsson, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis, en sterkar vísbendingar eru um að vannæring aldraðra á íslenskum sjúkrastofnunum sé algengt vandamál. Hún segir, en Embætti landlæknis hefur samkvæmt lögum eftirlit með því að heilbrigðisþjónustan uppfylli faglegar kröfur, að í grunninn séu aldraðir áhættuhópur hvað vannæringu varðar. Ábyrgðin liggir óumdeilanlega hjá sjúkrastofnunum að fylgjast með næringarástandi þeirra sem þar dvelja.

Embættið hafi gert úttektir á hjúkrunarheimilum og eitt af því sem er skoðað sérstaklega eru matseðlar hvers heimilis, hvort boðið sé upp á sérféði svo og niðurstöður þeirra gæðavísa sem snúa að næringu. Fagleg ábyrgð hvíli jafnframt á þeim sem annast heimahjúkrun að vakta næringarástand umbyðenda sinna.

Laura segir að tíðindin frá Landakoti, og staðan í heild, hafi í raun ekki komið embættinu sérstaklega á óvart. Áður hafi komið fram vísbendingar um að gamalt fólk fái ekki nægilega mikið að borða, eða rétt féði. Ekki síst eigi það við um rannsóknir erlendis frá.

„Þetta er ein af grunnþörfum mannsins og mikilvægt að þessu sé vel sinnt. Einn af viðurkenndum gæðavísam fyrir sjúkrastofnanir er hvort mat sé gert á næringarástandi þeirra sem eru í áhættuhópi. Það er ákveðinn mælikvarði á gæði þeirrar þjónustu sem stofnun veitir að næringarástand áhættuhópa sé metið,“ segir Laura.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að beðið hafi verið um sérstakar

## Vannæring er áfellingdómur

66%

vannæðir eða sýna þess merki

- Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag kom fram í rannsókn sem gerð var árin 2015 og 2016 að tveir af hverjum þremur innliggjandi öldruðum á öldrunardeildum Landspítala á Landakoti voru vannæðir eða sýndu þess sterk merki að svo væri.
- Þessi rannsókn er þó aðeins punktmæling á ástandi sem virðist útbreitt hér á landi; bæði inni á heimilum gamla fólksins og sjúkrastofnunum.
- Á ráðstefnu í Háskóla Íslands í október var kallað eftir að tryggja verði betri mönnun á heilbrigðis-

stofnunum og í heimahjúkrun, fá fagfólk eins og næringarráðgjafa til að aðstoða við úrlausn næringarvandamála.

- Kallað er eftir því að næringaráætlun sem unnið er eftir inni á heilbrigðisstofnun fylgi ekki aðeins einstaklingnum heim heldur sé einnig mögulegt að framfylgja þeirri áætlun heima samanber næringarþétt fæði, breytta áferð, sérféði vegna sjúkdóma og/eða næringarviðbót eins og næringardrykki.
- Mikilvægt er að fjölga valkostum um heimsendan mat, bæði hvað varðar fjölbreytni, áferð og ekki síður að sérféði eins og orku- og næringarþétt fæði eða vegna ákveðinna sjúkdóma sé í boði fyrir alla sem þurfa að fá heimsendan mat.

Það er ákveðinn mælikvarði á gæði þeirrar þjónustu sem stofnun veitir að næringarástand áhættuhópa sé metið.

Laura Sch. Thorsteinsson, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis



veikt þurfi einatt sértæka þekkingu varðandi næringu og erfitt að gefa út leiðbeiningar sem ná til þessa hóps í heild. Erfitt sé svo að vita hvort vannæringin sé tilkomin heima eða á stofnuninni sem viðkomandi dvelur á – vandamálið sé margþætt og kalli á vitundarvakningu.

„Vandinn er slíkur að margir þurfa að taka höndum saman. Ég held, þegar einstaklingur leitar til heilbrigðiskerfisins, hvort sem það er í heimahjúkrun, heilsugæslu, á hjúkrunarheimilum eða á sjúkrahúsunum, sé mjög mikilvægt að starfsfólkið sé vakandi fyrir næringarástandi fólksins og bregðist við því. Það væri hægt að nota það tækifæri til að meta þennan þátt. Það er örugglega gert en kannski má nota þetta tækifæri enn betur til að huga að þeim möguleika að fólk sé vannært,“ segir Laura sem hefur jafnframt áhyggjur af manneklu í heilbrigðiskerfinu, aðstöðuleysi og fjárskorti, í þessu samhengi.

Eins ætti að vera sjálfsagt að næringarfræðingar störfuðu innan heimahjúkrunar og heilsugæslunnar, sem ekki er í dag.

3X  
Tælandsferð  
fyrir 2

Dregið föstudaginn  
**16. desember**

# ÁSKRIFENDA LOTTERÍ 365



FYRSTI VINNINGUR ER ÓTRÚLEG  
ÆVINTÝRAFERÐ FYRIR TVÖ TIL TÆLANDS  
AÐ HEILDARVERÐMÆTI 658.000 KR.

Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma  
1817 og þú ert komin/n í pottinn!

**365**

Gildir fyrir alla sjónvarpspakkaáskrifendur í nóvember og desember



## BMW EfficientDynamics

X3 xDrive20d

5,0 l/100 km

141 kW (190 hð)

BMW X3

www.bmw.is



Hrein  
akstursánægja



# BMW X3 ER TILBÚINN Í NÆSTU ÁSKORUN.

## REYNSLUAKTU NÝJUM BMW X3 Í DAG.

Á meðan þú leitar að skemmtilegri upplifun, leitar BMW að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið í BMW X3. Nýr X3 xDrive20d með 190 hestafla dísilvél og Steptronic 8 þrepa sjálfskiptingu notar einungis 5,0 l/100 km\* í blönduðum akstri.

**BMW X3 xDrive20d. Verð: 6.590.000 kr.** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, Sensatec leðuráklæði, lykillaus gangsetning, 6,5" litaskjár í mælaborði, handfrjáls búnaður (Bluetooth) fyrir síma og tónlist.

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Lögreglan bylti hugsun sinni um afbrot

Prófessorinn Barry Loveday segir að lögregluþyrifvöld víða um heim þurfi að horfast í augu við nýja tíma með nýjum tegundum afbrota. Einnig þurfi lögreglan meiri þekkingu á sálrænum veikindum skjólstæðinga sinna. Loveday fagnar breyttu lögreglunámi hér á Íslandi.

**AFBROT** Menntun lögreglumanna þarf að umbylta að mati Barry Loveday, rannsóknarprófessors við Háskólann í Portsmouth á Englandi. Að hans mati eru lögreglumenn illa í stakk búnir að takast á við nýjar tegundir glæpa á internetinu auk þess sem þekking þeirra á geðrænum vandamálum einstaklinga er ekki nægjanleg. Loveday heldur erindi á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í dag og fer yfir rannsóknir sínar um vanda lögreglumanna í breyttri heimsmynd. Barry Loveday er rannsóknarprófessor við Rannsóknastofnun í réttarfræði við Háskólann í Portsmouth. Hann vinnur að rannsóknum á áhrifum nýrra tegunda fjárvika og netglæpa á störf lögreglunnar. Loveday hefur varið nær öllum sínum ferli í rannsóknir á glæpum, aðallega á Englandi og í Wales, en einnig hefur hann gert samanburðarrannsóknir á afbrotum á Norður-Írlandi og í Ástralíu. „Afbrot á internetinu hafa, allt fram á síðustu ár, ekki verið mikið rannsökuð af lögreglunni á Englandi. Hægt er að leiða að því líkur að það megi segja um önnur svæði Evrópu einnig. Lögreglan er ekki í stakk búin til að rannsaka netglæpi að neinu ráði,“ segir Loveday. Lögreglumenn hafi ekki menntun til að rannsaka þennan nýja vanda. „Ef lögreglan ætlar ekki að viðurkenna

þennan stóra brotaflokk mun hún eiga í vanda.“ Loveday nefnir að um leið og afbrot eigi sér stað á heimilum fólks sé það næsta víst að lögreglan komi á vettvang, kanni aðstæður og rannsaki innbrotið. Hins vegar, ef brotist sé inn á bankareikning fólks og ævisparnaði þess stolið, sé iðulega fyrsta svar lögreglunnar að tala við bankann. „Það sem skiptir miklu máli er að telja þetta vera lögbrot þar sem eigandi bankareikningsins er brotaþoli. Þetta er ekki mál milli bankans og viðskiptavinar.“ Að mati Lovedays þarfnast lögreglan einnig mun meiri menntunar í andlegum krankleika einstaklinga. Þekking lögreglumanna sé af skörnum skammti þegar kemur að sálrænum veikindum fólks sem þeir þurfa að kljást við. „Lögreglumenn virðast ekki, samkvæmt þeim rannsóknum sem ég hef skoðað, fá nægilega kennslu í þeim efnum. Lögreglan er „hin dulda félagsþjónusta“ þar sem rannsóknir hafa sýnt að á milli 25 og 40 prósent af tíma lögreglumanna er varið í að eiga við andlega veikt fólk,“ segir Loveday. Proféssorinn bendir réttilega á að þeir einstaklingar sem sitja bak við lás og slá séu einstaklingar í lægri þrepum samfélagsins sem búi við erfiðar félagslegar aðstæður, litla menntun og lítið læsi. Loveday fagnar þeim breytingum



„Lögreglumenn í Bretlandi fá tveggja daga kennslu í sálrænum veikindum, það er ófullnægjandi,“ segir Barry Loveday. FRÉTTABLAÐID/AUÐUNN

sem orðið hafa á lögreglunáminu á Íslandi með því að taka það út úr sérstökum lögregluskóla og láta lögreglumenn sitja tíma með öðrum. „Það skiptir miklu máli að lögreglumenn kenni ekki öðrum lögreglumönnum. Lögreglumenn verða að öðlast skilning á samfélagi sínu og sitja tíma með öðrum nemend-

um. Þannig öðlast þeir víðsýni til að geta orðið góðir lögreglumenn. Að mínu mati virðist Háskólinn á Akureyri sýna þessum hlutum mikinn skilning og það er öllum til góða,“ segir Loveday. Netglæpir eru oftast en ekki framdir af vel menntuðu fólki en hefðbundnari glæpir framdir af minna

menntuðum einstaklingum í lægri þrepum samfélagsins. „Í Bretlandi er meðalfangi með lestrarhæfni á við tíu ára barn. Þessu þurfum við að breyta og við verðum að hjálpa þessum hópi manna að mennta sig. Læsi og menntun eru lykillinn að því,“ segir Barry Loveday. sveinn@frettabladid.is

JÓLAÚTHLUTUN GÓÐA HIRÐISINS

# STYRKÞEGAR ÓSKAST

Umsóknarfrestur rennur út 30. nóvember 2016  
Nánari upplýsingar er að finna á sorpa.is.

Ágóði af sölu nytjahluta í Góða hirðinum rennur til góðra málefna. Styrkirnir eru veittir til líknar- og félagasamtaka og er markmiðið að styðja fólk til sjálfshjálpar. Verkefnin geta til dæmis snúist um menntun, endurhæfingu og sjálfsbjörg og er sérstaklega leitast við að styrkir nýtist efnaminni börnum og ungmennum.





# Fallegar hönnunarvörur

á frábæru verði



ISLENSKISÍÐLAUS PEN 81727 1016

Eames DSR  
Tilboðsverð 39.500 kr.  
verð áður 45.900 kr.  
Charles & Ray Eames, 1950



Ball Clock  
Tilboðsverð 32.900 kr.  
verð áður 47.900 kr.  
George Nelson, 1948-1960



Uten.Silo  
Tilboðsverð frá 36.900 kr.  
verð áður frá 46.900 kr.  
Dorothee Becker, 1969



Wooden Doll  
Verð 12.900 kr.  
Alexander Girard, 1952



Eames House Bird  
Verð 19.900 kr.



Hang it all  
Tilboðsverð 37.900 kr.  
verð áður 46.900 kr.  
Charles & Ray Eames, 1953



Rotary Tray  
Verð 6.900 kr.  
Jasper Morrison, 2014

Tilboð gilda frá 14. nóvember til 24. desember 2016

**vitra.**

Opið virka daga 8:00–18:00  
Laugardaga 11:00–15:00

Skeifunni 10, Reykjavík  
Hafnarstræti 91–93, Akureyri  
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330  
husgogn@penninn.is  
www.penninn.is



**Penninn**  
Húsgögn



## SKOÐUN

## Söluferli með fullu trausti



Hafliði Helgason  
hafliði@frettabladid.is

Lindarhvoll ehf. sem sér um sölu ríkiseigna sendi frá sér yfirlýsingu þar sem vísað var á bug ásökunum sem bjóðendur í Klakka höfðu sett fram. Gagnrýni bjóðendanna var marghátuð og laut að því að möguleiki hefði verið á gagnaleka í ferlinu og gefið var í skyn að tengsl væru á milli þeirra sem sáu um útbodið og þeirra sem áttu hæsta boð.

Nú er ekkert fast í hendi um hvort þær ásakanir sem settar voru fram eigi við rök að styðjast. Vonandi ekki. Hitt er annað að umkvartanirnar eru áminning um það hversu mikilvægt er að vanda í hvívetna sölu þeirra eigna sem ríkið hefur með höndum.

Það er öllum ljóst að við hrun fjármálakerfisins glötuðust miklir fjármunir sem að stórum hluta til hafa unnist til baka, þegar horft er yfir heildina. Einstaklingar og fyrirtæki urðu illa úti og eins og gerist í djúpum hagsveiflum, þá eru alltaf einhverjir sem verða fyrir óbætanlegu tjóni.

Traust er mikilsverð verðmæti og eitt það alvarlegasta við hrunið er að traustið í samfélaginu beið hnekki. Samfélög þar sem traust er mikið þurfa að reka færri varnagla í viðskiptum og samskiptum. Orðstír og venjur samfélags þar sem traust er mikið tryggja að unnið sé af sanngirni og heiðarleika. Fyrir utan að slík samfélög eru betri sparar traustið mikla vinnu og kostnað við að gírða fyrir möguleg og ómöguleg brot á samningum.

Við erum því miður ekki komin á þann stað. Almenn ríkir enn veruleg tortryggni í garð viðskipta af ýmsu tagi og þá ekki sist hvernig farið er með eignir í eigu almennings. Hér þarf því að vanda sig sérstaklega.

Í yfirlýsingu Lindarhvols er ekki að finna svar við þeirri megingagnrýni að tilboð hafi ekki verið opnuð í vitna viðurvist öll í einu. Nú er það svo að ekki er dreginn svo út flatskjár í happdrætti að fulltrúi sýslumanns sé ekki á staðnum. Um innkaup ríkisins gilda strangar reglur um að tilboð séu opnuð að tilboðsgjöfum viðstöddum.

Þessar reglur eru ekki settar vegna þess að það sé almenn skoðun að stjórnendur líknaðfélaga sem eru með happdrætti séu almennt óheiðarlegt fólk eða að hjá ríkiskaupum starfi fólk sem ekki er vant að virðingu sinni. Þetta vinnulag er viðhaft til þess að ekki sé mögulegt að draga í efa að rétt sé að málum staðið.

Gagnrýnin á söluferli Lindarhvols er einmitt áminning um þetta. Við núverandi aðstæður er sérlega mikilvægt að hafa í huga að hvergi sé hægt að draga ferli í efa.

Það kann að vera að slík vinnubrögð kosti meira, bæði að ferlið verði dýrara og ekki faist jafn hátt verð og með minna gagnsæi. Þetta snýst ekki einungis um hvort farið sé að lögum. Þetta snýst um traust og það er verðmætt.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Spilaborgin hrunin**  
Bjarni Benediktsson hefur skilað stjórnarmyndunar-umboðinu eftir að viðræður við Viðreisn og Bjarta framtíð sigldu í strand. Nú rætist það sem margir höfðu spáð að stjórnarmyndunarviðræður þyrftu að fara þrjá hringi áður en næðist að mynda ríkisstjórn. Katrín Jakobsdóttir mun reyna að mynda fimm flokka stjórn en í þeirri stjórn er uppi pólitískur ómöguleiki. Að endingu mun þróngur en hávær hópur innan Vinstri grænna jafnvel þurfa að horfast í augu við sínar verstu martraðir, ríkisstjórn VG og Sjálfstæðisflokks.

**Logsuðan**  
Katrín Jakobsdóttir heldur áfram að vera með öll spil á hendi en flestir flokkar styðja að hún fái stjórnarmyndunar-umboðið. Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur reynt að auka líkur þriggja manna þingflokks síns til setu í stjórn og sagt að oft valdi ein skrúfa því hvort vélin komist í gang. Sú skrúfa geti verið Samfylking. Það gæti hins vegar verið gáfulegra að Logi logsjóði varahlutina saman og Samfylking gangi inn í þingflokk VG og þurrkist þar með út af þingi. Þannig mætti mynda tveggja flokka stjórn með nógu sterkan meirihluta.  
snaeros@frettabladid.is

## Áskorun: Aukin þróunarsamvinna og ný ríkisstjórn

**Bergsteinn Jónsson**  
frkvstj. UNICEF á Íslandi

**Bjarni Gíslason**  
frkvstj. Hjálparstarfs kirkjunnar

**Erna Reynisdóttir**  
frkvstj. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

**Friður Birna Stefánsdóttir**  
frkvstj. ABC barnahjálpar

**Inga Dóra Pétursdóttir**  
framkvæmdastýra Landsnefndar UN Women á Íslandi

**Kristín S. Hjálmtýsdóttir**  
frkvstj. Rauða krossins á Íslandi

**Ragnar Gunnarsson**  
frkvstj. Kristni-boðssambandsins

**Ragnar Schram**  
frkvstj. SOS Barnaþorpa

Um áratugaskeið hafa íslensk stjórnvöld stutt markmið Sameinuðu þjóðanna um að velmegunarríki verji sem samsvarar 0,7% af vergum þjóðartekjum til að styðja við fátæk og óstöðug ríki. Á síðasta ári vörðu íslensk stjórnvöld hins vegar 0,24% af vergum þjóðartekjum til málaflokksins og 0,23% árið 2014. Hæst var framlag Íslands 0,37% árið 2008.

Markmið með þróunarsamvinnu Íslands er tvíþætt: Í fyrsta lagi að „styðja stjórnvöld í þróunarlöndum við að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þ.m.t. mannréttindum, menntun, bættu heilsufari, jafnrétti kynjanna og sjálfbærri þróun“ og í annan stað að „tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og veita mannúðar- og neyðaraðstoð.“

Það eru viðsjárverðir tímar. Átök geisa víða og af þeim sökum neyðist fólk jafnvel til að flyja heimili sín. Náttúruhamfarir, fátækt og skortur á menntun (einkum stúlkna) verða til þess að ástandið versnar. Ein afleiðing er aukinn fjöldi flóttafólks sem leitar til Evrópu og þar með talið Íslands. Er ekki kominn tími til að snúa vörn í sókn?

Við undirrituð, sem erum í forsvari fyrir hjálpar- og mannúðarsamtök í alþjóðlegu hjálparstarfi, skorum á verðandi ríkisstjórn og nýkjörð Alþingi að verða við yfirlýstum vilja þings og þjóðar og hækka framlög Íslands til þróunarsamvinnu þannig að við getum aðstoðað fólk á heimslóðum þess, greitt götu kynjajafnréttis og eftir menntun stúlkna og drengja sem er forsenda aukinnar velferðar og velmegunar. Enginn vill þurfa að flyja, hvorki heimili sitt né heimaland, og hvað þá að láta lífið vegna fátæktar, hungursneyðar eða hamfara sem má koma í veg fyrir með aukinni samvinnu ríkra þjóða og fátækra.

Standið við stóru orðin. Það er löngu orðið tíma-bært – og aldrei þarfara en nú.

**50% AFSLÁTTUR!**

**KING KOIL SUMMER GLOW**

Fullt verð 278.710 kr.

**TILBOÐSVERÐ 139.355 kr.**

**rekkjan**

**HEILSURÚM**

ABEINS 12.424 kr. Á MÁNUÐI\*  
FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2017

(\*Mikil við 12 mánaða vaxtalöusan raðgreiðslusamning með 2,9% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)





# Fríkirkjan, RÚV og Ríkiskirkjan



Hjörtur Magni Jóhannsson  
fríkirkjuprestur við Tjörnina

Hefðin fyrir sunnudagsmessum RÚV nær alveg aftur til fyrstu útsendinga Ríkisútvarpsins árið 1930. Hluti- an í Reykjavík hefur verið hluti af þeirri hefð alveg frá upphafi enda söfnuðurinn og kirkjubyggingin svo samofin sögu og imynd Reykjavíkur og íslensks samfélags að ekki verður sundur greint. Fyrsta tilraunaútsendingin árið 1926 var frá messu sr. Ólafs Ólafssonar fríkirkjuprests. Hann þjónaði bæði Fríkirkjunni í Reykjavík og síðan í Hafnarfirði. Útvarpað var frá fjölmörgum messum, útförum og tónleikum í Fríkirkjunni á ári hverju enda tilheyrði um helmingur íbúa Reykjavíkur þá Fríkirkjunni.

En í stað þess að Fríkirkjan fengi áfram að vaxa eðlilega, miðlæg í reykvisku samfélagi þá var sett lítil reglugerð, í þágu þjóðkirkjunnar. Reglugerðin miðaði að því að útiloka hina lútersku fríkirkju. Lítið var hugað að jafnræði trúfélaga þó svo að bæði trúfélögin ættu að njóta verndar 62. gr. stjórnarskrárinnar. Við það eitt að flytja lögheimili sitt var fríkirkjufólk sjálfkrafa skráð úr fríkirkjunni yfir í þjóðkirkjuna í þúsunda vis án vitundar eða samþykkis þess fólks eða afkomenda. Trúfélagagjöld fríkirkjufólks runnu þannig í mörg ár til þjóðkirkjunnar sem nýtti þau til að efla eigin forréttindastöðu. Maður hefði haldið að hlutirnir hefðu lagast.

### Ekki gert ráð fyrir

En það kom verulega á óvart að ekki var gert ráð fyrir fríkirkjunni í útvarpsmessum RÚV þetta árið í tengslum við stofndag hennar 19. nóv. 1899. Maður velti því fyrir sér hvort það væri ætlun þjóðkirkjunnar að útiloka fríkirkjuna frá útsendingum RÚV. Þegar ég leitaði til RÚV var mér vísað á biskupsstofu annars trúfélags og sú biskupsstofa vísaði aftur á RÚV. Það er grundvallaratriðið fyrir okkur fríkirkjufólk að þurfa ekki að eiga það undir geðþótta annars trúfélags hvort við fáum inni hjá útvarpi allra landsmanna.

Þjóðkirkjan er auðvitað ríkisstofnun þó svo að eitthvað hafi verið greint á milli stofnunarinnar og ríkisins hvað stjórnun og fjárhald varðar. Sú hröplega mismunun sem er á milli þjóðkirkjunnar og okkar lútersku fríkirkju er því lík að einungis orðið ríkiskirkja nær að lýsa því.

### Minni bræður og systur

Í öllu tali sínu um aðskilnað ríkis og kirkju hefur þjóðkirkjustofnunin látið sem evangelísk-lúterskar fríkirkjur séu ekki til. Nú virðist biskupsstofa láta sem fríkirkjan sé



Það er grundvallaratriðið fyrir okkur fríkirkjufólk að þurfa ekki að eiga það undir geðþótta annars trúfélags hvort við fáum inni hjá útvarpi allra landsmanna.

ekki til og að henni sé ókunnugt um hennar sögu.

Það hvernig komið er fram við minni bræður og systur er glöggur mælikvarði á hversu kristilegar trúarstofnanir eru. Kirkjustofnuninni er ekki ætlað að upphæfja sjálfa sig, heldur að vísa frá sér, til þess Jesú frá Nasaret sem var stöðugt á jaðrinum, hundsæði engan, samneytti hinum útilokuðu og var í raun meinilla við trúarlegar stofnanir. Sú evangelísk-lúterska kirkja sem 62. gr. stjórnaskrár okkar fjallar um var einmitt stofnuð til að vara við milljarða-kirkjustofnunum sem stunda grimma sérhagsmunavörslu.

### Mannréttindi

Fríkirkjan var stofnuð aðeins 25 árum eftir að við fengum trúfrelsi árið 1874 og hefur því starfað á þremur öldum. Fríkirkjan er því bæði eldri en RÚV og reyndar þjóðkirkjustofnunin í þeirri lagalegu umgjörð sem hún hefur í dag.

Fríkirkjusöfnuðurinn við Tjörnina hefur tekið frumkvæði í ýmsum mikilvægum mannréttindamálum þar sem ríkiskirkjan hefur dregið lappirnar og hindrað. Nefna má skelegga baráttu sr. Ólafs Ólafssonar á fyrrihluta síðustu aldar fyrir kvenréttindum og framgöngu fríkirkjunnar undanfarin ár í baráttunni fyrir því að samkynhneigðir megi ganga í hjónaband.

Það er mikið til okkar leitað. Þeir sem vilja að kristin gildi móti okkar samfélag, þeir fagna vexti fríkirkjunnar og vilja að rödd hennar heyrst á RÚV. Einu hamlandi áhrifin eru frá þjóðkirkju.

Í útvarpspredikunum á RÚV hef ég oft gagnrýnt þjóðkirkjuna, í anda Lúters. Sú gagnrýni hefur í allnokkur skipti ratað í fréttatíma RÚV og annarra fjölmiðla, samdægurs.

Ef þjóðkirkjan sem glímur nú við verulegar úrsagnir í þúsundavis, fær nú að útiloka Fríkirkjuna sem er í örum vexti, þá er það vissulega athyglivert innlegg í umræðuna um jafnræði trúfélaga hér á landi.

Það myndi einnig vekja spurningar um hlutleysi RÚV sem fjölmiðils í almannabágu.

Útvarpsmessur RÚV breyta ekki heiminum. En okkar rödd má heyrast. Við erum öðruvísi. Við leitumst ekki við að ná eyrum hinna rétttrúðu. Við vörum við bókstafstrú, hefðarhyggju og þröngsýni. Við viljum láta gleði, spuna og fagmennsku einkenna okkar fjölbreytilegu tónlist. Við reynum m.a. að ná til þeirra þúsunda Íslendinga sem hafa skráð sig utan kirkju en leita í það bjarta ljós sem engan útilokar.

## Stytt kjörtímabil forsenda breytinga



Hjörtur Hjartarson  
stjórnarmaður í Stjórnarskrárfélaginu

Við skuldbindum okkur hér með til þess að gera stjórnarskrárumbætur, sem grundvallast á drögum stjórnlagaráðs, að forgangsmáli á nýju þingi.

Allir stjórnarandstöðuflokkarnir sem Piratar hóðu saman nú fyrir kosningar hafa gefið kjósendum þetta fyrirheit. Þá hljóta þeir að reikna með stuttu kjörtímabili eins og Piratar hafa lagt til. Ástæðan er tvíþætt: Í fyrsta lagi kveður stjórnarskráin frá 1944 á um að rjúfa skuli þing um leið og breytingar á stjórnarskrá eru samþykktar. Í öðru lagi er óraunhæft, og mikið óráð, að ætla að geyma fram til loka kjörtímabils að samþykkja nýja stjórnarskrá.

Það væri að spila upp í hendurnar andstæðingum breytinga og gefa þeim óverðskuldað færi á að grafa áfram undan nýju stjórnarskránni og einnig stjórnarsamstarfinu. Allt kjörtímabilið myndi einkennast af ósvífinni stjórnarandstöðu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vegna þessa eina máls. Þeir myndu ólmast gegn öllum málum eins og þeim væri borgað fyrir það. Við vitum það af biturri reynslu.

Jafnframt því að setja nýja stjórnarskrá á oddinn þarf að hefja af krafti umbótastarf á öðrum sviðum, svo sem í heilbrigðiskerfinu og almannatryggingakerfinu. Þeim breytingum yrði síðan haldið áfram eftir að ríkisstjórn umbótaflokkanna hefði endurnýjað umboð sitt og ný stjórnarskrá tekið gildi.

Flokkar sem ná þessu stórmáli í gegn þurfa ekki að óttast kjósendur. Auk þess er ný stjórnarskrá forsenda og upphafsstef lífsnauðsynlegra umbóta. Ef andstæðingum nýju stjórnarskrárinnar tekst enn að koma í veg fyrir að vilji kjósenda sé virtur,

þá er það ekki aðeins þungt áfall fyrir lýðræði í landinu heldur yrði öllum umbótum í þágu almennings kippt til baka á augabragði um leið og tækifæri gæfist. Það vitum við líka af biturri reynslu.

Stjórnarskrá í samræmi við vilja kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012 lá fyrir fullbúin af hálfu Alþingis undir lok síðasta kjörtímabils. Alþingi þarf aðeins að ganga frá nýrri og rækillegri greinargerð með frumvarpinu. Síðan að samþykkja frumvarpið og rjúfa þing og boða til kosninga. Um leið mætti gera ráðstafanir til að hefja endurskoðunarferli strax. En frekara fíkt stjórnmalaflokkanna í stjórnarskrá fólksins, eins og gerðist á yfirstandandi kjörtímabili, er fullreynt, og það fyrir löngu. Varla þarf að óttast að lagt verði út í þá ófæru enn einu sinni.

Forsenda varanlegra breytinga og umbóta er sú að umbótaflokkarnir hangi ekki skilyrðislaust á nýfengnum völdum eftir komandi kosningar heldur sýni hugrekki og stjórnvísku. Það munu kjósendur kunna að meta.

## Fjöldi aldraðra býr við bág kjör



Björgvin Guðmundsson  
viðskiptafræðingur

Ný ríkisstjórn fær það verk efni að bæta kjör aldraðra og öryrkja meira en nýsamþykkt lög um almannatryggingar gera ráð fyrir. Eg hef hamrað á því í blaðagreinum allt síðasta kjörtímabil, að kjör aldraðra og öryrkja væru óásættanleg; það yrði að bæta þau myndarlega. Aldraðir ættu að geta lifað með reisu ævikvöld sitt. Öryrkjar ættu einnig að fá mannsæmandi kjör. En stjórnarherrar fráfarandi ríkisstjórnar lömdu hausnum við steininn allt kjörtímabilið, vildu ekki viðurkenna að neitt væri að hjá eldri borgurum og öryrkjum.

Ég sagði alltaf, að dropinn holaði steininn, það mundi nást einhver

árangur að lokum. Það rættist í kjölfar mikils baráttufundar Félags eldri borgara í Háskólabíói. Þá loks hreyfði ríkisstjórnin sig, ákvað að hækka aðeins lífeyri þeirra lífeyrisþega, sem aðeins höfðu lífeyri frá almannatryggingum. Áður hafði Eygló félagsmálaráðherra þverneitað því, að þessi lífeyrir yrði hækkaður, sagði, að það væru svo fáir á „stripudum“ lífeyri! Ríkisstjórnin gaf einnig eftir í öðru máli; ákvað að taka upp 25 þús. króna frítekjumark vegna tekna lífeyrisþega.

Fyrsti forustumaður fráfarandi stjórnar, sem tók undir málflutning eldri borgara þess efnis, að kjör aldraðra væru ekki nógu góð, var Lilja Alfreðsdóttir, nýkjörinn varaformaður Framsóknarflokksins. Hún ritaði grein í Fréttablaðið um mál eldri borgara og sagði: Fjöldi fólks (eldri borgara) býr við bág kjör og kvíðir framtíðinni. Hér er vandinn loks viðurkenndur en það er fyrsta skilyrðið fyrir því, að nægar kjara- bætur séu veittar öldruðum. Mér kemur þessi jákvæða afstaða hennar

ekki óvart, þar eð hún er dóttir Alfreðs Þorsteinssonar, fyrrverandi borgarfulltrúa, og þegar við Alfreð sátum saman í borgarstjórn var hann ákveðinn félagshyggjumaður. Við áttum gott samstarf.

### Launamisrétti að aukast

Það er mikið verk að vinna að koma kjörum aldraðra og öryrkja í rétt horf. Það á ekki aðeins að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja þannig að þeir geti rétt framfleytt sér. Nei, hækka á lífeyrinn það myndarlega, að lífeyrisþegar geti lifað með reisu og þurfi aldrei að kvíða morgundeginum.

Ekkert bendir til þess að draga muni úr misrétti í þjóðfélaginu. Þvert á móti berast fréttir af því að launamisrétti sé að aukast. Ákveðið hefur verið að stórhækka enn laun þingmanna og ráðherra. Laun ráðherra hækka um hálfa milljón og verða um 2 milljónir á mánuði og laun þingmanna verða 1,1 milljón. Laun aldraðra og öryrkja eiga hins vegar að vera 195-227 þúsund á mánuði eftir skatt. Þetta er síðlaust.

## Ný sending

af hinum þekktu TASKI gólfþvottavélum



**hagstætt verð**

- Úrval hágæða gólfþvottavéla
- Traust viðgerða- og varahlutabjónusta



TANDUR

Sími 510 1200 / tandur.is



SPARAÐU  
**25%**  
AF ÖLLUM  
BORDSTOFU-  
HÚSGÖGNUM

11.-20.  
NÓVEMBER



**TREND**  
BORDSTOFUBORD MEÐ  
ÓTAL MÖGULEIKA



**Trend 7-borðstofuborð.** Laminat hvít borðplata með ónunnum brúnum. 105 x 180 cm. Fætur úr ómeðhöndlaðri eik. 189.800 kr. Nú 142.425 kr.  
**Bow-borðstofustóll.** Svört seta með eikarfótum. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.

**1**

Veldu stærð  
8 mismunandi stærðir

**2**

Veldu borðplötu  
Laminat, linoleum eða  
gegnheil borðplata

**3**

Veldu fætur  
4 mismunandi fætur

Nú **5.925** kr.



**Neptun-stóll.** Svört seta með krómfótum. 7.900 kr.  
Nú 5.925 kr.



**Honest-borðstofuborð.** Borðplata úr gegnheilli eik og svörtum málmfótum. 149.900 kr. Nú 112.425 kr.  
**Hype-stóll.** Svört seta með leðurlíki. Svartir fætur. 39.900 kr. Nú 29.925 kr.  
Heildarverð á borði og 6 stólum. áður 389.300 kr. Nú 291.975 kr.



1. **Zoey-stóll.** Seta úr eik, svartir fætur. 17.900 kr. Nú 13.425 kr. 2. **Bow-stóll.** Grá seta með svörtum fótum. 24.900 kr. Nú 18.675 kr. 3. **Blazer-stóll.** Tauáklæði og dökkgráir fætur. 29.900 kr. Nú 22.425 kr. 4. **Lou-stóll.** Hvít eða svört seta og fætur úr gúmmívið. 11.900 kr. Nú 8.925 kr. 5. **Candy-stóll.** Svart leðurlíki. 14.900 kr. Nú 11.175 kr. 6. **Prinze-stóll.** Svart leður og krómfætur. 39.900 kr. Nú 29.925 kr. 7. **Link-stóll.** Plastseta. Ýmsir litir. 12.900 kr. Nú 9.675 kr.

VEXTIR

**0%**

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**

Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.



**Netgíró**  
3 MÁNAÐA VAXTALAUS  
GREIÐSLUDREIFING MEÐ





**Stavanger borð og 4 Candy-stólar.** Borðstofuborð úr eik. 180 x 90 cm. 69.900 kr. Nú 52.425 kr. Stóll með svörtu leðurlíki og krómfætur. 14.900 kr. Nú 11.175 kr. Heildarverð. 129.500 kr. Nú 97.125 kr.

Nú **29.925**kr.



**Prinze-stóll.** Svartur leðurstóll. Krómfætur. 39.900 kr. Nú 29.925 kr.



Nú **49.900**kr.

**Stavanger-skápur** með 2 hurðum og 2 skúffum. 69.900 kr. Nú 49.900 kr.



**Asta-bekkur.** Svartur eða hvítur bekkur. L 138 cm. Lakkaður gúmmíviður. 49.900 kr. Nú 37.425 kr.

Nú **48.930**kr.



**Claire-skenkur.** Hvítur skenkur með eikarlituðum framhliðum. 150 x 41 x 71,5 cm. 69.900 kr. Nú 48.930 kr.

Nú **89.925**kr.



**Mallorca-skenkur.** 2 hurðir og 3 skúffur. Hvítur og svartur eða hvítur og eik. 180 x 45 x 75 cm. 119.900 kr. Nú 89.925 kr.



**Why wood-borð.** Hvít álímd borðplata. Fætur úr olíuborinni eik. Ø120 cm. 89.900 kr. Nú 67.425 kr. **Why wood-stóll** úr eik. Ullaráklæði á sessu. 24.900 kr. Nú 18.675 kr. Verð á borði og 4 stólum. 189.500 kr. Nú 142.125 kr.

Nú **14.925**kr.



**Alta-barstóll.** Svartur eða hvítur með eikarfótum. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.

# Jólatilboð



**Serta Addilyn.** Millistíf dýna. Memory foam. 224.700 kr. Nú **144.900** kr.



**Nocturne-Kambagne.** Millistíf dýna. Pokagormar, 25 mm svamp yfirdýna og fætur fylgja með. 225.700 kr. Nú **144.900** kr.

**NOCTURNE**  
KAMPAGNE

**30%**



**Hobby deluxe-borðlampi.** Hvítur. 7.995 kr. Nú **5.596** kr.



# Mikill áhugi á nýsköpun í orkuiðnaði um allt land



**Björgvin Skúli Sigurðsson**  
framkvæmda-  
stjóri markaðs-  
og viðskipta-  
þróunarsviðs hjá  
Landsvirkjun

Mikill áhugi er á því að vinna að nýsköpun í orkuiðnaði um allt land. Þetta kom fram á málstofum sem Landsvirkjun stóð fyrir í sumar, undir yfirskriftinni „Virkjum hugaraflið“. Ýmsar áhugaverðar hugmyndir komu fram á málstofunum, sem voru vel sóttar og haldnar í samstarfi við KPMG, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Íslenska jarðvarmaklasann. Með málstofunum, sem fóru fram á Húsavík, Egilsstöðum, Blönduósi og Selfossi, var leitað við að vekja athygli á þeim tækifærum sem liggja í orkuiðnaði, kynna þann stuðning

sem frumkvöðlum stendur til boða og bjóða heimamönnum til samtals um nýsköpunarhugmyndir þeirra.

**Fjöldmargar áhugaverðar hugmyndir**  
Niðurstaðan var sú að mikill áhugi er á því að vinna að nýsköpun í orkuiðnaði um allt land. Hitaveita á köldum svæðum, nýting ónýtttra jarðhitastrauma, ferðaþjónusta, varmadælur, öpp, jarðhitabaðströnd og heilsulind voru á meðal áhugaverðra hugmynda sem komu fram. Heimamenn á hverjum stað fyrir sig lýstu yfir miklum áhuga á því að halda áfram á lofti nýsköpun í orkuiðnaði sem áhugavert verður að fylgjast með á næstunni.

**Orkuiðnaður á tímamótum**  
Fulltrúar Landsvirkjunar á málstofunum kynntu sýn fyrirtækisins á nýsköpun í orkugeiranum, bentu á þau tækifæri sem þar liggja og hvöttu frumkvöðla til dáða. Í máli



**Karlar hafa lengi verið í meirihluta þeirra sem hafa látið að sér kveða í orkumálum. Nú sjáum við fleiri konur sýna orkumálum áhuga og þær láta í auknum mæli að sér kveða.**

þeirra kom m.a. fram að íslenskur orkuiðnaður stendur á tímamótum þessi misserin – svipuðum og sjávarútvegurinn fyrir 30 árum. Með þeim takmörkunum sem þá voru lagðar á fiskveiðar varð ljóst að leita þyrfti annarra leiða til að fá meira út úr hverju veiddu kíló. Það ýtti undir þá miklu nýsköpun sem átt hefur sér stað í greininni á liðnum árum,

m.a. í bættum vinnsluaðferðum, nýtingu aukaafurða í snyrtivörur, lyf, tiskufatnað o.s.frv. Svipuð alda nýsköpunar gæti verið fram undan í orkugeiranum með bættri nýtingu og margs konar hliðarafurðum. Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, fór yfir þau ónýttu tækifæri sem liggja í orkuauðlindum Íslands, ekki síst í jarðhita. Hann fór einnig yfir viðtækan stuðning miðstöðvarinnar við frumkvöðla í orkugeiranum og yfirgripsmikla sérþekkingu starfsmanna hennar á því sviði. Þá sagði hann frá fyrirtækinu XRG Power, sem þróar umhverfisvænar einka-rafstöðvar sem nýta lágvarma, en fyrirtækið á rætur að rekja til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

**Viðtækur stuðningur í boði**  
Stefán Þór Helgason, ráðgjafi hjá KPMG, ræddi um það hvernig hugmyndir verða til, hvað þarf til að gera þær að veruleika og hvernig

hægt sé að kanna gæði hugmynda. Hann fjallaði einnig um þann viðtæka stuðning sem stendur frumkvöðlum til boða s.s. samkeppnir, viðskiptahraðla, húsnæði og fjármagn. Viðar Helgason, klasastjóri Íslenska jarðvarmaklasans, kynnti loks viðskiptahraðalinn Startup Energy Reykjavík en markmið hans er að styðja við frumkvöðla í orkugeiranum með margvíslegum hætti. Þátttakendum býðst m.a. aðstoð sérfræðinga, fyrirlestrar og námskeið og skrifstofuhúsnæði í tíu vikur og 5 milljónir króna í hlutafé.

**Aukin þátttaka kvenna**  
Eitt af fagnaðarefnum þessarar fundaraðar var að finna fyrir öflugri þátttöku og áhuga kvenna. Karlar hafa lengi verið í meirihluta þeirra sem hafa látið að sér kveða í orkumálum. Nú sjáum við fleiri konur sýna orkumálum áhuga og þær láta í auknum mæli að sér kveða.

## Hvert stefnir íslenski framhaldsskólinn?



**Steinn Jóhannsson**  
formaður Skóla-  
meistarafélags  
Íslands og skóla-  
meistari Fjöl-  
brautaskólans  
við Ármúla

Í nýlegum pistli Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningar- málaráðherra, talar ráðherra um endurreisn framhaldsskólans. Endurreisnin er m.a. falin í því að fjárframlög til framhaldsskólanna muni aukast mjög á næstu árum eða allt til 2021 og verða með því hæsta sem gerist innan OECD. Undanfarin ár hafa íslenskir framhaldsskólar fengið töluvert lægra fjárframlag en meðaltal OECD og kom það skýrt fram í grein ráðherra. Þetta hefur m.a. leitt til þess að endurnýjun á búnaði hefur verið lítil sem engin sem hindrar skólastarf og þróun þess. Ástandið hefur verið sérstaklega erfitt í starfsnámi þar sem mikil endurnýjunarþörf hefur skapast. Það er því gleðiefni að framhaldsskólar muni fá fjárframlag sem hæfir rekstri hvers og eins á næstu árum en það eru enn orð á blaði sem vonandi rætast.

Það er ljóst að miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu árum í starfsemi framhaldsskólanna, t.d. innleiðing þriggja ára stúdentsbrauta, endurskoðun allra námsbrauta í starfsnámi og breyttar skilgreiningar á vinnutíma kennara (vinnumat). Allt hefur þetta í för með sér útgjaldaauka sem hefur haft veruleg áhrif á reksturinn. Fjölmiðlar hafa ítrekað fjallað um

erfiða rekstrarstöðu framhaldsskólanna og komið hefur fram að sumir skólar eiga ekki fyrir reikningum sem snerta daglegan rekstur. Það er ljóst að reiknilíkan framhaldsskólanna er orðið úrelt og rík þörf á endurskoðun þess strax. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis frá 2014 er ráðuneyti mennta- og menningarmála hvatt til þess að endurskoða reiknilíkanið og vinna hratt og vel þannig að tryggja megi að framhaldsskólarnir uppfylli hlutverk sitt.

Samkvæmt hálfis árs uppgjöri fjársýslunnar á rekstri framhaldsskólanna þá glímur u.þ.b. helmingur skólanna við rekstrarhalla. Ætla má að erfið rekstrarstaða sé fyrst og fremst tilkomin vegna eftirfarandi þátta: Reiknilíkanið gerir ekki ráð fyrir útgjaldaauka vegna breyttrar aldurssamsetningar kennara en kennarar sem eru 60 ára og eldri eru í dag tæplega fjórðungur kennara og njóta þeir um 25% afsláttar á vinnuframlagi kennsluþáttar. Reiknilíkan gerir ekki ráð fyrir að skólum sé bættur kostnaður vegna langtíma-veikinda kennara. Jafnframt þarf að tryggja að launastika reiknilíkansins sé leiðrétt þannig að gert sé ráð fyrir raunlaunum og viðbótarlífeyrissparnaði sem nemur 2%. Það skortir gagnsæi á útreikningum reiknilíkansins þannig að óljóst er hversu mikið fjármagn er ætlað til ákveðinna rekstrarþátta.

Framhaldsskólinn á Íslandi hefur alla burði til að verða í fremstu röð skóla í Evrópu. Til að ná slíku markmiði þurfa yfirvöld, starfsfólk skólanna, nemendur og samfélagið að standa vörð um hagsmuni skólanna og tryggja þeim fjármagn sem gerir þeim kleift að sinna hlutverki sínu með sóma.

## Heilbrigð samkeppni



**Erling Freyr Guðmundsson**  
framkvæmda-  
stjóri Gagnaveitu  
Reykjavíkur

Um aldamótin síðustu var ástandið í fjarskiptum í höfuðborginni þannig að það stóð þróun skólastarfs og atvinnurekstri fyrir þrífum. Gagnaflutningur hjá Landsímanum, sem nú er Síminn og Míla, var svo okurdýr að erfitt var að taka upp nýja kennsluhætti og fornescja í gagnaflutningum hindraði þróun atvinnu- og viðskiptahátta. Reykjavíkurborg sá sig knúna til að byggja sjálf upp innviði nútímaborgarinnar.

**Hin nýja hitaveita**  
Það var mikil framsýni að ráðast strax upp úr aldamótum í uppbyggingu ljósleiðarakerfis. Lagnirnar hafa nánast ótakmarkaða flutningsgetu og með tiltölulega ódýrum breytingum á endabúnaði hafa afköst Ljósleiðarans verið aukin úr 10 megabitum á sekúndu í 1.000. Þannig hefur hann verið aflvaki þeirra gagnageru samfélagsbreytinga sem orðið hafa.

Nú hafa öll heimili í þéttbýli Reykjavíkur, Seltjarnarness, Akraness, á Hellu, Hvolsvelli, Hveragerði og Ölfusi verið tengd. Níu af hverjum tíu heimilum í Kópavogi verða tengd fyrir árslok og meira en helmingur í Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsbæ. Við ljúkum þessu 2018. Ég vil líkja þessu við hitaveitu-

væðingu höfuðborgarsvæðisins. Það leið raunar um hálf öld frá því fyrstu húsin í höfuðborginni voru tengd til þeirra síðustu. Ljósleiðaravæðingin er langt komin og tekur rúman áratug.

**Heilbrigðari samkeppni**  
Ljósleiðarinn hefur verið forsenda heilbrigðari samkeppni á fjarskiptamarkaði. Eigandi grunnkerfisins, Gagnaveita Reykjavíkur, er ekki í beinni samkeppni við viðskiptavinina; sex misstór en öll öflug fjarskiptafyrirtæki sem keppa um viðskipti við þau heimili og fyrirtæki sem tengd eru Ljósleiðaranum. Nú blasir við samkeppni um innviðina líka. Simafyrirtækið sem þótti standa í vegi þróun skólastarfs og atvinnulífs í höfuðborginni um aldamót hefur nú uppgötvad kosti Ljósleiðarans. Það kom raunar fram í nýlegu blaðaviðtali við talskonu Mílu, dótturfélags Símans, að henni finnist það skrítið að þurfa að eiga í þessari samkeppni. Þar á bæ finnst enn þau sjónarmið að gamaldags kopartengingar séu feikinógu góðar fyrir heimilin.

**Síminn er velkominn í viðskipti**  
Við hjá Ljósleiðaranum skiljum það sjónarmið að það sé talsvert í lagt að leggja tvö ljósleiðarakerfi. Síminn er vitaskuld velkominn í viðskipti á sömu forsendum og önnur fjarskiptafyrirtæki. Síminn, sem hefur verið í gjörgæslu samkeppnisyrivalda um langt árabil, virðist hins vegar ekki tilbúinn til að keppa við önnur fjarskiptafyrirtæki á jafnréttisgrunni. Nýlegt dæmi um að Síminn þurfi að eiga alla kökuna eru aðgerðir



**Síminn er vitaskuld velkominn í viðskipti á sömu forsendum og önnur fjarskiptafyrirtæki. Síminn, sem hefur verið í gjörgæslu samkeppnisyrivalda um langt árabil, virðist hins vegar ekki tilbúinn til að keppa við önnur fjarskiptafyrirtæki á jafnréttisgrunni.**

fyrirtækisins á sjónvarpsmarkaði. Síminn hefur komið í veg fyrir að viðskiptavinir fjarskiptafyrirtækja sem veita sjónvarpsþjónustu sína um Ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur geti horft á opna dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Sjónvarp Símans, áður Skjár Einn, í seinkuðu áhorfi. Það geta aðeins þeir sem horfa á sjónvarpsstöðina yfir grunnkerfi Mílu, dótturfélags Símans. Mál vegna þessa er til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun þar sem deilt er um hvort þetta séu heimilar aðgerðir samkvæmt fjölmiðlalögum.

**Spennandi tímar**  
Það eru spennandi tímar fram undan og Gagnaveita Reykjavíkur mun hér eftir sem hingað til kappkosta að fólki og fyrirtækjum standi til boða öflugustu gagnaflutningsleiðir sem í boði eru á hverjum tíma á sanngjörnu verði.

## Framtíð fíknimeðferðar

**Árdís Þórðardóttir**  
**Áslaug Árnadóttir**  
**Edda Arinbjarnar**  
**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**  
**Heiða Brynja Heiðarsdóttir**  
**Katrín G. Alfreðsdóttir**  
**Kristín I. Pálsdóttir**  
**Þórlaug Sveinsdóttir**  
í ráði Rótarinnar

Meðferð við fíknivanda á Íslandi er að mestu í höndum einkaaðila og frjálsra félagasamtaka og þjónusta Landspítala er eingöngu ætluð fólki með tvíþættan vanda, alvarleg geðræn vandamál og fíknivanda. Hið opinbera hefur ekki mótað neina stefnu né gefið út klínískar leiðbeiningar um fíknimeðferð og hefur því í rauninni látið einkaaðilum það eftir að móta þjónustuna eftir hverri

þeirri stefnu sem rekstraraðilum þóknast.

**Öbreytt meðferð á nýjum stað**  
SÁÁ er um þessar mundir að stækka meðferðaraðstöðu sína á Vík á Kjalarnesi og mun í framhaldinu hætta að reka meðferðarheimilið á Staðarfelli. Ekki hefur komið fram í fréttum að samhliða þessu sé um stefnubreytingu að ræða í meðferðarframboði. Ef það er rétt skilið vekur það undrun að farið sé í slíka uppbyggingu án þess að jafnframt fari fram endurmat á meðferðinni. Innan heilbrigðiskerfisins hefur á undanfórnum árum verið lögð aukin áhersla á framboð dagdeildar- og göngudeildarþjónustu í stað inniliggjandi meðferðar. Ekki virðist vera gert ráð fyrir þessari þróun í uppbyggingu SÁÁ.

Nýjar rannsóknir erlendis sýna að ekki er betri árangur af inniliggjandi meðferð en af dag- og göngudeildarmeðferð. Ákveðinn hópur þarf vissulega á innlögn að halda en hér á landi virðast litlar tilraunir hafa verið gerðar til að þarfagreina þann hóp sem fer í fíknimeðferð. Þetta er sérstakt áhyggjuefni fyrir konur þar sem rannsóknir sýna að konur leita frekar í slíka þjónustu. Ef hins vegar er ætlunin að auka dag- og göngudeildarþjónustu þá er staðsetning á Kjalarnesi ekki mjög aðgengileg.

**Nú er lag!**  
Þetta vekur upp spurningar varðandi framtíð meðferðarstarfs á Íslandi. Var ný starfsemi SÁÁ undirbúin í samráði við heilbrigðisyfirvöld? Ef svo er á hvaða stefnumót-

un byggir hún? Hefur verið gerður samningur við SÁÁ um að kaupa þá þjónustu sem til stendur að bjóða á Kjalarnesi? Ef svo er ekki þá er ljóst að félagasamtök með ríka rekstrarhagsmuni fá mikið vald yfir lífi þeirra sem glíma við fíknivanda. Ef ríkið er ekki búíð að gera bindandi samning við SÁÁ um þessa þjónustu er ljóst að nú er lag fyrir annað fagfólk að þróa nútímalegri og aðgengilegri meðferðarúrræði. Við vitum að það eru margir fagaðilar hér á landi sem hafa þá menntun, reynslu og sýn sem til þarf.

**Eru stjórnvöld stikkfri?**  
Hvers vegna er svo lítil áhersla á opinber úrræði fyrir fólk sem glímur við áfengis- og vímuevanda? Eru heilbrigðisyfirvöld sammála því að aðferðir sem beitt er í með-

ferð við fíknivanda séu mótaðar af ákveðinni refsíhyggju og smánunartilburðum gagnvart sjúklingunum? Fólk er ekki mætt þar sem það er statt með vídeigandi umgjörð, t.d. kynjaskiptri meðferð, heldur á það að fara að reglum sem illmögulegt er að fylgja. Dæmi um slíkt er t.d. sá háttur að refsa fólki fyrir að sýna einkenni fíknivandans með því að setja það aftast á biðlista eftir meðferð, að vísa fólki úr meðferð vegna kynlífsiðkunar og fleira í þeim dúr. Rétt er að vekja athygli á því að stefna í áfengis- og vímuevörnum til ársins 2020 var samþykkt af heilbrigðisráðherra í janúar 2014 en því miður hefur vinna að framkvæmdaáætlun sem átti að fylgja í kjölfarið ekki hafist. Vonandi verður þess ekki langt að biða að sú vinna hefjist.



# NÝR PEUGEOT 2008



KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

Peugeot 2008 er draumabíll þeirra sem vilja glæsilegan og sportlegan bíl sem hentar fjölbreyttum aðstæðum. Útlínurnar eru mjúkar og ásýndin falleg. Peugeot 2008 er einnig mjög praktískur. Farangursrýmið er stærra en í mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lágsta punkt. Innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Hann er fimm dyra og fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með margverðlaunuðum Puretech vélum.

## NÝR PEUGEOT 2008

Verð frá 2.690.000 kr.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**  
Bíldshöfða 8  
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**  
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



## SPORT

## Framkonur enn ósigradar á toppnum



**Skorað af harðfyllgi** Fram er búið að koma sér þægilega fyrir á toppi Olís-deildar kvenna eftir sannkallaðan varnarsigur á Haukum í gær. Fram skoraði aðeins fimm mörk í seinni hálfleiknum en tókst samt sem áður að kreista fram eins marks sigur, 17-16. Varnarleikur Fram-liðsins var frábær og Guðrún Ósk Mariasdóttir varði rúmlega helming þeirra skota sem hún fékk á sig. Fram er núna með sex stiga forskot á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Viðeigandi endir á frábæru ári

Íslenska landsliðið kvaddi árið 2016 með 0-2 sigri á Möltu í vináttulandsleik í gær. Arnór Ingvi Traustason og Sverrir Ingi Ingason skoruðu mörkin í leik sem fer ekki í neinar sögubækur fyrir frábæra spilamennsku.

**FÓTBOLTI** Sögulegu landsliðsári lauk í gær þegar Ísland bar sigurorð af Möltu með tveimur mörkum gegn engu í vináttulandsleik á Ta'Qali-leikvanginum á Möltu.

Leikurinn í gær var með þeim auðgleymanlegri á árinu 2016 þar sem íslensku strákarnir skrifuðu nýjan kafla í fótboltasögu þjóðarinnar. En sigur er sigur og það var viðeigandi að enda árið 2016 á einum slíkum.

Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari gerði tíu breytingar frá tapleiknum gegn Króatíu á laugardaginn. Aðeins Birkir Már Sævarsson hélt stöðu sinni. Leikmenn sem hafa staðið við þröskuldinn á landsliðinu fengu tækifæri og nýttu það misvel.

Eins og við mátti búast var Ísland sterkari aðilinn í leiknum enda 157 sætum fyrir ofan Möltu á styrkleikalistu FIFA. Íslenska liðið spilaði þó ekki neinn glansbolta og náði of sjaldan að setja Maltverja undir alvöru pressu. Viðar Örn Kjartansson, sem átti að sumra mati að fá tækifæri í byrjunarliðinu gegn Króötum, var nokkuð ágengur upp við mark heimamanna í fyrri hálfleik en hvarf í þeim seinni.

Staðan var markalaus í hálfleik en strax á annarri mínútu seinni hálfleiks braut Arnór Ingvi Traustason ísinn. Hann fékk þá boltann vinstra megin í vítateignum og lét vaða, boltinn fór í stöngina, í Andrew Hogg, markvörð Möltu, og inn. Skömmu síðar fékk Arnór Ingvi gott færi til að skora sitt annað mark en hitti ekki boltann. Maltverjar gerðu sig sjaldan líklega til að jafna metin og ógnuðu aðallega með lang-

MAL  0 - 2  ÍSL

**0-1** Arnór Ingvi Traustason (47.), **0-2** Sverrir Ingi Ingason (75.).

**Skot** (á mark): 6 (1) – 10 (5) **Horn:** 2 – 7 **Rangstöður:** 0 – 0

**Lið Íslands:** Ingvar Jónsson – Birkir Már Sævarsson (80. Theodór Elmar Bjarnason), Hólmur Örn Eyjólfsson (80. Ragnar Sigurðsson), Sverrir Ingi Ingason, Ari Freyr Skúlason – Arnór Smárason (58. Jóhann Berg Guðmundsson), Ólafur Ingi Skúlason (70. Aron Einar Gunnarsson), Rúnar Már Sigurjónsson (58. Birkir Bjarnason), Arnór Ingvi Traustason – Elias Már Ómarsson, Viðar Örn Kjartansson (70. Jón Daði Böðvarsson).

**Þessir stöðu upp úr**

**Arnór Ingvi Traustason** kom Íslendingum á bragðið með sínu fimmta marki í tólf landsleikjum. Alltaf ógnandi og hættulegur. Virðist njóta þess að spila með landsliðinu.



**Sverrir Ingi Ingason** var öflugur í loftinu og átti ekki í miklum vandræðum í vörninni. Skoraði seinna mark Íslands með góðum skalla og er nú kominn með þrjú mörk í níu landsleikjum. Ekki amaleg tölfræði fyrir miðvörð.

**Vel klárað með algjörlega nýtt lið**

„Við vorum betri í seinni hálfleik en þeim fyrri sem er skiljanlegt í ljósi þess að við vorum með algjörlega nýtt lið sem hefur ekki spilað saman áður. Við vorum með ágætis tök á þessu. Við vissum að þeir væru með fljóta og hættulega menn í skyndisóknum. Við vorum sterkari í fyrri hálfleik án þess þó að ná reka endahnúttinn á sóknirnar. Það vantaði tempó en svo spýttum við í og settum pressu á þá,“ sagði Ólafur Ingi Skúlason í samtali við Fréttablaðið í gær. Ólafur bar fyrirliðabandið í leiknum og spilaði fyrstu 70 mínúturnar. Hann kvaðst ánægður með hvernig íslenska liðið nýtti föstu leikatriðin í leiknum.



„Við vissum að þeir eru ekki með hávaxið lið á meðan við erum með stærri og sterkari menn og góða spyrnumenn,“ sagði Ólafur en seinna mark Íslands kom eftir hornspyrnu. Miðjumaðurinn segir að það hafi verið heiður að fá að leiða íslenska liðið út á völlinn í gær.

„Þetta er draumur hvers íþróttamanns. Ég er stoltur og heilt yfir ánægður með frammistöðuna,“ sagði Ólafur sem lék sinn 27. landsleik í gær.

skotum. Íslendingar sköpuðu sér heldur ekki nein teljandi færi og sá litli botn sem var í leiknum datt úr honum.

Ísland bætti öðru marki við áður en yfir lauk. Það gerði miðvörðurinn Sverrir Ingi Ingason með góðum skalla eftir hornspyrnu Jóhanns Berg Guðmundssonar. Íslenska liðið ógnaði einna helst eftir hornspyrnu í gær en í fyrri hálfleik átti Hólmur Örn Eyjólfsson skalla sem var bjargað á línu.

Fátt markvert gerðist eftir þetta og leikurinn fjaraði út. Sigurinn var vel þeginn en frammistaðan var misjöfn. Íslenska liðið lenti þó aldræi í vandræðum og það var kannski erfitt að fara fram á fimm stjörnu frammistöðu hjá liði sem hefur aldrei spilað saman.

Sögulegu landsliðsári er nú lokið. EM-ævintýrið stendur að sjálfsögðu upp úr og gleymist seint. Ferðin á næsta stórmót, HM 2018, hófst svo í haust og hefur gengið ágætlega hingað til. Sjó stig eftir fjóra leiki, þar af tvo erfiða útileiki, er finasta uppskera og möguleikinn á að tryggja sér farseðil til Rússlands er svo sannarlega til staðar.

Það hefur reynt á breiddina í íslenska liðinu í leikjunum í undankeppni HM í haust og það er ljóst að það má ekki mikið út af bera. En ef lykilmenn haldast heilir og leikmenn sem eru við landsliðsþröskuldinn stiga upp er engin ástæða fyrir því að árið 2017 geti ekki orðið gott. Það verður þó aldrei jafn gott og árið 2016 enda samanburðurinn ósanngjarn. [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)

## Nýjast

## Olísdeild kvenna

**Fram - Haukar 17-16**

**Mörk Fram (Skot):** Hekla Rún Ámundadóttir 4 (6), Steinunn Björnsdóttir 4 (7), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (7), Hulda Dagsdóttir 2 (9), Ragnheiður Júlíusdóttir 2 (10), Elva Þóra Arnardóttir 1 (1), Rebekka Rut Skúladóttir 1 (3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (4).


**Varin skot:** Guðrún Ósk Mariasdóttir 17/1 (33/4, 52%).

**Mörk Hauka (Skot):** Maria Ines De Silve Pereira 4 (19), Vilborg Pétursdóttir 3/3 (3/3), Erla Eiríksdóttir 2 (3), Sigrún Jóhannsdóttir 2 (5), Elin Anna Baldursdóttir 2 (7/1), Ragnheiður Sveinsdóttir 1 (1), María Karlsdóttir 1 (2), Ragnheiður Ragnarsdóttir 1 (2).

**Varin skot:** Elin Jóna Þorsteinsdóttir 19 (36, 53%).

Efri		Neðri	
Fram	19	ÍBV	8
Stjarnan	13	Grótta	6
Haukar	12	Selfoss	4
Valur	10	Fylkir	2

**KEFLAVÍK SKIPTIR UM KANA** Lið Keflavíkur í Domino's-deild kvenna hefur skipt um bandarískan leikmann. Dominique Hudson var látin fara og í hennar stað er komin Ariana Moorer, leikstjórnandi sem gerði garðinn frægan með Virgina-háskólanum í Bandaríkjunum á sínum tíma. Á síðasta tímabili lék Moorer í Bosnía þar sem hún var valin leikmaður ársins. Hið unga og efnilega lið Keflavíkur situr í 2. sæti Domino's-deildarinnar með 14 stig eftir níu umferðir. Næsti leikur Keflvíkinga er gegn Haukum 30. nóvember næstkomandi.

 **Sverrir Ingi búinn að skora fleiri mörk fyrir landsliðið en Jón Daði og Viðar Örn. Jafn Kára og Ragga. Get in.**

Einar Þór Sigurðsson  
[@EinsiSigurdsson](https://twitter.com/EinsiSigurdsson)

**SÁ BESTI TIL SUNDSVALL**

Kristinn Freyr Sigurðsson, besti leikmaður Pepsi-deildarinnar 2016, er genginn í raðir sænska úrvalsdeildarliðsins Sundsvall. Kristinn skrifaði undir þriggja ára samning við Sundsvall sem endaði í 13. sæti sænsku deildarinnar á síðasta tímabili. Að sögn Kristins sýndi Sundsvall mikinn áhuga á að fá hann. „Það var mikill áhugi og hefur verið lengi. Það heillaði mig mikið,“ sagði Kristinn í samtali við Fréttablaðið. Kristinn, sem hefur leikið með Val frá 2012 segist ekki líta á Sundsvall sem stökkipall til annarra og stærri liða. „En ég er ekkert að pæla í því hver þeir eru í dag. Fyrst og fremst ætla ég að hugsa um að standa mig vel hjá Sundsvall. Ég er ekki að hugsa um þetta lið sem stökkipall fyrir mig. Ég vil bara spila vel,“ sagði Kristinn sem er 24 ára uppallinn fjölnismaður. Hann skoraði 14 mörk í Pepsi-deildinni á síðasta tímabili auk fjögurra marka í bikarkeppninni sem Valsmenn unnu annað árið í röð.



## Í dag

**19.05 Njarðvík - Haukar**

Sport





  
**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
SUBMARINER DATE



  
**MICHELSSEN**  
ÚRSMÍÐIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - [www.michelsen.is](http://www.michelsen.is)

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. nóvember 2016

44. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Sjónmælingar eru okkar fag

### KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum\* fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.



\* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler.





# Anna varla eftirspurn eftir Lindex-kortum

Á dögunum kynnti Lindex á Íslandi til leiks greiðslukort og vildarkort og hafa viðtökur verið umfram vonir. Að sögn Lóu Dagbjartar Kristjánsdóttur, umboðsaðila Lindex á Íslandi, hefur fyrirtækið varla náð að anna eftirspurn. „Við þurfum að panta aukaskammt af Vildarkortunum, í byrjun eigum við það til að fara of hægt af stað, þannig að við höldum að þetta yrði ekki alveg svona vinsælt. Fólk tekur vel í þetta og hefur beðið lengi eftir þessu og spurt í gegnum tíðina hvort við verðum ekki með svona,“ segir Lóa.

„Í grunninn virkar vildarkortið þannig að þú safnar punktum í hvert sinn sem þú verslar og breyt-

ast punktarnir í inneign í lok mánaðar, einnig fær fólk sem verslar yfir ákveðna upphæð ávísun í lok árs,“ segir Lóa. „Svo vorum við að byrja með það að þú getur skilað inn notuðum fötum og fengið inneign ef þú ert vildarklúbbsmeðlimur.“

Greiðslukortið, sem gefið er út í samstarfi við Borgun, verður þannig að fólk fær heimild inn á kortið, og lánar Lindex í fimm tíu daga vaxtalaust. „Það er ekki eins mikil eftirspurn eftir kreditkortunum enda er fólk enn að spyrja sig hvernig þetta virkar. Hún er samt alveg heilmikil, mun meiri en við bjuggumst við af báðum. Þetta eru einhverjar þúsundir sem eru strax komnar í þetta,“ segir Lóa. – sg

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Hafliði Helgason** [hafliði@365.is](mailto:hafliði@365.is)

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) Veffang [visir.is](http://visir.is)

  
....framleiðir



....Vörur úr plexigleri ....

Viðarhöfða 4 [www.merking.is](http://www.merking.is) Sími: 562-7044

Tengibox og kaplar


  
Tengibox 1x32A-2x16-4x230 v  
**29.900**

  
Tengibox 1x32A-1 x 16-4x230v  
**21.990**

  
IP44 Tengibox með útsláttarofum. 2 x 16amp 3 fasa, 2 x 32 amp 3 fasa 4 x 230V 16 amp  
**29.900**

  
Fjöltenngibox IP44 H07RN F3G1,5 1,5 m snúra  
**1.990**

  
Rafmagnskefli Pro 25m H07RN-F 3G1,5mm  
**8.590**

  
Kapalkefli 50mtr H05vv-F 3G1,5mm  
**8.990**


  
Rafmagnssnúra 25m H05vv F3G1,5  
**5.490**

  
Kapalkefli 10m H05vv-F 3G1,5mm  
**2.990**

  
Einnig 15m kr. 3.190 10 mtr kr. 2.590 25mtr IP44 H07RN F3G1,5 kr. 7.790

  
Meiri gæði Lægra verð **MURBÚÐIN**

Sími 412 2500 - [sala@murbudin.is](mailto:sala@murbudin.is) - [www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)



Ef marka má tölfraðina er stelpa að eiga samskipti í gegnum netið frekar en með SMS-sklaboðum. FRÉTTABLAÐID/GETTY

# Landinn horfir meira á símann en talar í hann

Gagnamagn vegna nets í síma hefur tvöfaldast milli ára á Íslandi. Send SMS-skilaboð drógust saman um tíu prósent. Símtölum bæði innanlands og utan fer fækkandi og áskriftir að heimasíma halda áfram að dragast saman.

Fjarskiptahagðun Íslendinga er að breytast ansi hratt ef marka má nýja skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2016. Svo virðist sem samskipti séu að færast hratt úr hefðbundnum símhringingum og smáskilaboðum í samskipti í gegnum netið.

Send SMS drógust saman um 10,4 prósent milli ára á fyrstu sex mánuðum ársins, samanborið við sama tímabil í fyrra. Heildarfjöldi SMS-skeyta dróst saman um 14 prósent á síðustu tveimur árum. Á sama tíma jókst gagnamagn á farsímaneti um 58,9 prósent, gagnamagn, netið í símann, tæplega tvöfaldadist, eða jókst um 96,7 prósent milli ára, og netþjónusta á farsímaneti jókst um 39 prósent.

» Heildartekjur á fjarskiptamarkaði jukust um 5,3 prósent milli ára og voru 27,7 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

Símtölum til útlanda fer fækkandi milli ára. Fjöldi mínútna úr fastlínusíma, heimasíma og vinnusíma, dróst saman um 10,6 prósent milli ára, og um 26 prósent á síðustu tveimur árum. Ef litið er lengra til baka má sjá að símtöl hafa dregist saman mun meira bæði í heimasíma, farsíma og til útlanda á síðustu árum. Heildarfjöldi heimila með fastlínusamband hefur dregist saman um átta prósent á síðustu tveimur árum.

Ljósleiðaravæðingin heldur ótraud áfram, á meðan fjöldi internetteng-

inga jókst einungis um 2,5 prósent milli ára þá jukust ljósleiðarar um 18,5 prósent milli ára.

Fyrirfram greiddum símakortum fjölga um 1,5 prósent sem má ef til vill rekja til fjölgunar ferðamanna hér á landi.

Þegar litið er til farsímanets-áskrifta er Nova með 34,4 prósent hlutdeild og jókst hún milli ára. Síminn missti hlutdeild og er með 33,7 prósent en hlutdeild Vodafone jókst frá 2015 og var 27,5 prósent. 365 var með 3,7 prósent hlutdeild sem er óbreytt á milli ára.

Heildartekjur á fjarskiptamarkaði jukust um 5,3 prósent milli ára og voru 27,7 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins en fjárfesting dróst saman um 2,8 prósent milli ára. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)

# Áfram stefnt að skráningu 2017

Áfram er stefnt að því að skrá Arion banka í kauphöll á næsta ári í kjölfar sölu hlutar bankans. Viðræður hafa verið í gangi milli lífeyrissjóða og Kaupþings um sölu hlutar bankans.

Orðrómur hefur verið á kreiki um að seljendur þrýsti á um að væntanlegir kaupendur skuldbindi sig í ferlinu sem fyrst og hefur dagsetningin 21. nóvember verið nefnd í því sambandi. Samkvæmt heimildum Markaðarins er slíkt ofsögum samt, en viðurkennt er að þrýstingur sé á um að unnið sé hratt. Engar dagsetningar hafi verið nefndar, en stefnt hefur verið að því að selja hlut í bankanum með útboðsfyrirkomulagi til fagfjórfaða og almennings og skrá Arionbanka á markað í kjölfarið. Sú stefna er að sögn óbreytt.

Vandinn sem blasir við kaupendum nú er margvísleg óvissa í rekstrarumhverfi bankans. Þar vegur þungt óvissa um hvaða ríkisstjórn tekur við og hver verði vilji hennar til að breyta skattumhverfi banka, en gert er ráð fyrir sérstökum bankaskatti í langtímaáætlun ríkisfjármála. Þá liggur heldur ekki fyrir hver verður eiginfjárfkrafa bankanna,



Stefna um sölu Arion banka er óbreytt og stefnt að skráningu hans á fyrrihluta næsta árs. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

en sjá mátti á uppgjöri Íslandsbanka að þar var sýnd arðsemi eiginfjár miðað við 15 prósent eiginfjárlutfall, en núverandi eiginfjárlutfall bankans er tæp 28 prósent. Allt hefur þetta áhrif á verðmat Arion banka.

Uppgjör bankanna undanfarin misseri hafa litast af einskiptisliðum vegna uppfærslu eigna sem komu í hlut þeirra við fall fjármálakerfisins. Uppgjörin nú endurspegl

orðið betur grunnrekstur fjármála-fyrirtækjanna. Arion banki birtir sitt uppgjör í dag.

Allt þetta hefur áhrif á það að kaupendamegin vilja menn flýta sér hægt og ólíklegt verður að teljast að erlendir aðilar sýni mikinn áhuga á að skuldbinda sig án ítarlegrar greiningar á þeim áhættuþáttum sem snúa að rekstrarumhverfi bankanna og íslensku efnahagsumhverfi. – hh





## ***Við vinnum vel saman***

Það er okkur á Íslensku auglýsingastofunni sérstakt fagnaðarefni að Icelandair og Íslandsstofa skyldu bæði hljóta tilnefningu til markaðsverðlauna ÍMARK í ár.

Við óskum Íslandsstofu til hamingju með nafnbótina Markaðsfyrirtæki ársins 2016 sem kórónar glæstan árangur í Evrópu, Grand Prix 2016 og fern gullverðlaun á hinn virtu Euro Effie auglýsingahátíð nýverið.

Við erum þakklát og stolt af því að fá að gera góða hluti með íslenskum fyrirtækjum í fremstu röð.





Birna Einarsdóttir hefur sinnt starfi bankastjóra frá því árið 2008, hún segist þó ekki vera að hugsa sér til hreyfings eins og staðan er núna. FRÉTTABLAÐID/GVA

Sæunn  
Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is



# Telur bankann tilbúinn til sölu

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir bankann ekki þann sama og fyrir árið 2008. Fram undan eru flutningar og hagræðingar. Hún gagnrýnir skattaumhverfi bankanna á Íslandi sem hún segir hamla samkeppni. Hún segir bankann tilbúinn til sölu og telur erlent eignarhald raunhæfan möguleika.

●● Við erum komin út úr þessum ein-skiptisliðum og komin í það að grunnreksturinn þurfi að standa undir þeirri kröfu um arðsemi sem eigendurnir gera. Þá er vert að hafa í huga skattlagningu bankans.

skiptisliðum og komin í það að grunnreksturinn þurfi að standa undir þeirri kröfu um arðsemi sem eigendurnir gera. Þá er vert að hafa í huga skattlagningu bankans,” segir Birna.

Hún segir þetta jafnframt mikilvægt varðandi samkeppni. „Sem dæmi geta þeir sem borga ekki þennan skatt lánað með verðtryggða vexti í 3,6 prósentum, en þessi skattlagning hefur þau áhrif að okkar vextir eru á sama tíma fjögur prósent. Þetta er ójafn leikur sem ríkið verður að horfa til. Við viljum vera ábyrg og borga okkar skatta, en við viljum að það sé sanngirni í samkeppni.“

Birna segist almennt vera ánægð með uppgjörið. „Hagnaðurinn er á svipuðu röli og við vorum með á sama tíma í fyrra, en auðvitað eru inni í þessum 16 milljörðum þessir sex milljarðar sem komu frá Borgun

út af Visa. Við erum mjög meðvituð um það þegar við erum að skoða þessi uppgjör, hvað komi frá grunnrekstrinum og sé sjálfbært annars vegar, og hins vegar hvað séu einskiptistekjur og gjöld. Þegar við horfum á grunnreksturinn miðað við eðlilegra eigið fé, vegna þess að við erum með mjög hátt eigið fé, þá er arðsemin af fyrirtækinu af þessu tímabili milli 10 og 11 prósent sem er mjög ásættanlegt.“

Birna hefur sinnt núverandi starfi sínu frá haustinu 2008. Hún segir að stærstu breytingarnar í starfi hafi átt sér stað strax eftir hrunið. „Við vorum í svo svakalegum stormsjó og við breyttum bankanum svo mikið: hvernig við vinnum, fyrirkomulagi við ákvörðunartöku, og hvernig við vinnum saman og nálgumst viðskiptavinum. Þetta er algjörlega breyttur banki frá því fyrir 2008. Ég held að allar

breytingarnar hafi verið í jákvæða átt. Við þurfum alltaf að minna okkur á hvaðan við erum að koma og hver staðan var,” segir Birna.

Um þessar mundir standa yfir nokkur stór verkefni hjá bankanum, en eitt þeirra eru flutningar höfuðstöðvanna úr Kirkjusandi í Norðurtturninn í Kópavogi. Samhliða flutningum á hagræðing sér stað og sameinast til að mynda þrjú útibú í eitt í því húsnæði. Útibú bankans á Kirkjusandi flytur síðan í upphafi árs og sameinast útibúi bankans á Suðurlandsbraut. „Við byrjum flutninga í Norðurtturn í lok mánaðarins. Höfuðstöðvaeiningarnar verða farnar af Kirkjusandi fyrir áramót, en útibúið niðri færist fljótlega eftir áramót. Einingarnar sem eru ekki í húsinu færast einnig í byrjun næsta árs,” segir Birna.

Um mikla breytingu er að ræða en bankinn færir sig úr 14 þúsund fermetrum í tæplega níu þúsund fermetra. „Við erum einnig að fara í nýjar vinnuaðferðir, og við erum að stefna að því að verða pappírslaus. Það er því mikill undirbúningur og spennna,” segir Birna.

Bankinn hefur unnið í opnum rýmum síðustu tvo áratugi en vinnuumhverfið breytist töluvert núna þar sem fæstir starfsmenn verða með ákveðið vinnusvæði. „Það verður ekki ákveðið pláss fyrir alla sem vinna á hæðinni, því innan við sextíu prósent af starfsmönnum sitja í sínu sæti á hverjum tíma. Starfsmenn geta þá ýmist valið um að vinna í einbeitingarrýmum til að fá algjört næði, í hóprýmum eða fundarherbergjum,” segir Birna. „Þetta er vissulega ákveðin

Það er enginn að kvarta undan samkeppni, en hún þarf að vera sanngjörn,” segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. Hún bendir á að bankinn sé enn þá að greiða hærri tekjuskatt en flest önnur fyrirtæki landsins og jafnframt bankaskattinn. „Það má segja að við höfum verið með loford um að bankaskatturinn væri tímabundinn og ætti að falla út.

Við leggjum mikla áherslu á það núna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir ríkið, og þegar verið er að gera fimm ára áætlun, að þessi skattur fari út. Hann var hugsaður til að styðja við aðgerðir ríkisstjórnarinnar varðandi lækkun húsnæðislána þangað til samningar höfðu tekist við kröfuhafa. Núna hefur það gengið eftir og þá finnst mér sanngjarnt að þessi skattur verði endurskodaður,” segir Birna.

Í síðustu viku birtist uppgjör Íslandsbanka fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Hagnaður Íslandsbanka eftir skatta á þriðja ársfjórðungi nam 2,5 milljörðum króna og lækkaði úr tæpum sex milljörðum króna fyrir sama fjórðung í fyrra. Það sem af er ári er hagnaðurinn hins vegar 15,6 milljarðar króna, samanborið við 16,7 milljarða á sama tímabili árið 2015.

„Það einmitt sýnir sig núna hver hin raunverulega staða bankakerfisins er. Við erum komin út úr þessum ein-



# ANDLEGT NUDD Í LANDAKOTSKIRKJU

Hin nýskipaða söngsveit **Aegisif** heldur sína fyrstu tónleika í Landakotskirkju í kvöld en þar verða flutt rússnesk kórverk frá tuttugustu öld. Sveitin er að mestu skipuð reyndu kórfólki úr ýmsum áttum og var stofnuð sérstaklega til að kynna kórverk frá Austur-Evrópu. Stjórnandinn Hreiðar Ingi segir áheyrendur eiga von á andlegu nuddi.

**Vera Einarsdóttir**

vera@365.is

Yfirskrift tónleikanna er dulúð-leiki og dökkur hljómur. Tónskáldið og kórstjórinn Hreiðar Ingi, heyrði mörg verkanna á efnis-skránni þegar hann nam tónsmíðar við Listakadémíuna í Eistlandi fyrir nokkrum árum. „Þá rann það upp fyrir mér hvað þessi austur-evrópsku verk frá tuttugustu öld kallast vel á við íslenska þjóðlagið þrátt fyrir bæði trúarleg og land-fræðileg landamæri. Það er einhver angurværð og frásagnar-eldur sem skín í gegn,“ útskýrir Hreiðar Ingi. Í kjölfarið lofaði hann sjálfum sér að hann skyldi einhvern tíma ná saman hópi fólks til að kynna þessa tónlist fyrir Íslendingum og nú er komið að því.

## GÓÐ AÐSÓKN Í SVEITINA

Hreiðar Ingi efndi til inntökuþrófs í söngsveitina og segir undirtektirnar hafa komið sér á óvart. „Það mættu rúmlega fimmtíu manns og þurftu einhverjir frá að hverfa þar sem ég varð hafa nokkuð jafnt í röddum.“ Hreiðar Ingi segir að mestu um að ræða vant kórfólk sem sungið hafi með Hamrahlíðarkórnum, Hljómeyki og Mótettukórnum svo dæmi séu nefnd. „Markmið sveitarinnar er fyrst og fremst að flytja þessi verk og það er augljóst að mörgum þótti það spennandi,“ segir Hreiðar Ingi hræður.

## KVEÐUR VIÐ NÝJAN TÓN

Verkin sem sveitin flytur eru í síð- og nýrómantískum stíl, með býsönskum undurtóni. „Vikingarnir kynntust þessum undirtóni í Hagia Sophia kirkjunni í Tyrklandi á sínum tíma en hún var lengi vel stærsta kirkja heims. Kirkjuna kölluðu þeir Aegisif og þaðan kemur nafn sveitarinnar,“ útskýrir Hreiðar Ingi. Hann segir dulúð og dökkann hljóð einkenna tónlistina og hefur lagt sérstaka áherslu á að vinna með hljóð kórsins og túlkun verkanna. Hann



Hreiðar Ingi hefur lagt sérstaka áherslu á að vinna með hljóð kórsins og túlkun verkanna. Þau verða öll flutt á rússnesku.



Hreiðar Ingi hefur lengi langað til að kynna austurevrópsk kórverk fyrir Íslendingum.

segir næsta víst að hér kveði við nýjan tón á kórsenunni þar sem fæst verkanna hafa verið flutt hérlandis áður. „Öll verkin eru flutt á rússnesku sem er vissulega krefjandi enda tungumálið afar ólíkt íslensku. Við fengum því eistnesku söngkonuna Tui Hirv til að hjálpa okkur með framburðinn og reynum okkar besta.“

## SPENNANDI EFNISKRÁ

Tónleikarnir hefjast á verkum eftir Alexander Gretchaninov og Sergei Rachmaninov. Þau eru frá árunum 1900-1918, sem að mati margra er gullaldartímabil rússneskrar kórtónlistar. „Næst flytjum við verk eftir Pavel Chesnokov sem samdi síðar mikið af verkum

fyrir helstu kirkjur Moskvuborgar. Þegar ein þeirra var jöfnuð við jörðu og breytt í sundlaug, fékk það svo mikið á tónskáldið að hann hætti að skrifa tónlist. Mörg verka hans eru alveg mögnuð og við reynum að gera þeim góð skil.“

Guðný Einarsdóttir organisti mun síðan leika orgelverk eftir eistneska tónskáldið Arvo Pärt. Að lokum flytur kórinn fjögur verk eftir nýrómantíska tónskáldið Georgy Sviridov, sem var uppi á árunum 1915-1998. „Þar má greinilega heyra enduróm frá Rachmaninov og hinum tónskáldunum sem við gerum skil á undan. Það kveður þó við nýjan tón. Það er eins og hann haldi áfram með kyndilinn og ef eitthvert tónskáld höfðar til mín

í dag þá er það hann,“ segir Hreiðar Ingi. „Það er eitthvert tímaleysi í þessari tónlist. Það hægist á veröldinni og tónlistin kemur áreynslulaust fram. Það má líkja þessu við andlegt nudd.“

## EINSTAKT TÆKIFÆRI

Spurður hvort framhald verði á starfi sveitarinnar segist Hreiðar Ingi jafnvel eiga von á því. „Það verður þó ekki í bráð enda eru meðlimir önnur kafið fólk og margir í öðrum kórum.“

Einsöngvarar á tónleikunum eru Lilja Dögg Gunnarsdóttir, Rakel Edda Guðmundsdóttir og Hafsteinn Þórólfsson. Tónleikarnir eru sem fyrr segir í Landakotskirkju og hefjast klukkan 20.



# HARÐKORNADÉKK

## ...öruggust í prófunum\*

### RANNSÓKNIR FAGAÐILA TALA SÍNU MÁLI...

Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traficc Institut (VTI\*) á vetrardekkjum komu Harðkornadekkinn mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni. Einnig kom í ljós að nagladekk höfðu lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum s.s. á höfuðborgarsvæðinu. Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnýtt hráefni. Traustir og kröfuharðir íslenskir viðskiptavinir okkar eru sama sinnis.

Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- ná í gegnum slitlag dekkisins

**PANTIÐ Á:**  
panta@hardkornadekk.is  
611 7799  
www.hardkornadekk.is



Þjörgunarfélagið Eyvindur Flúðum

\* [www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk](http://www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk)



## FYRIR HÁTÍÐIRNAR, VEISLUNA OG VINNUNA, ODDFELLOW



SKOÐIÐ LAXDAL.IS/BASIC

**BERNHARD  
LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 551 4422



Mikill fjöldi gesta mætir venjulega þegar jólaþorpið er opnað.

# JÓLAÞORPIÐ OPNAÐ Í NÆSTU VIKU

**Jólaþorpið í Hafnarfirði** verður opnað í fjórtánda skipti í næstu viku, 25. nóvember, en það var fyrst sett upp jólin 2003. Um leið verður kveikt á jólatrénu á Thorsplani. Jólaþorpið verður síðan opið allar helgar á aðventunni og margt skemmtilegt í boði fyrir börn og fullorðna.

Að sögn Árdísar Ármannsdóttur, samskiptastjóra Hafnarfjarðarbæjar, komust færri að en vildu í sölu-básana en þeir eru sautján. Einnig verða núna spennandi matarvagnar á svæðinu. „Við verðum með metnaðarfulla dagskrá og fjöldi skemmtikrafta kemur fram. Það verður söngur, leikur og alls kyns sprell í gangi,“ segir Árdís.

„Þegar jólaþorpið verður opnað í næstu viku verður skipulögð dagskrá frá kl. 18-20 þar sem Felix Bergsson heldur uppi jóla-fjöri. Hann og Sigrún Þorleifsdóttir, Dúna í blómabúðinni Burkna, kveikja á jólatrénu og telja niður með gestum á fyrsta degi Jólaþorpsins. Dúna hefur í fjölda ára rekið Burkna sem dætur hennar hafa nú tekið við. Hún er mikið jólabarn og var ein þeirra fyrstu til að byrja að skreyta verslun sína í Hafnarfirðinum. Það þótti því mjög viðeigandi að fá sjálft jólabarnið með okkur í niðurtalningu og það að kveikja á trénu. Jólaveinar verða á svæðinu og flugeldasýning,“ segir Árdís.

„Jólaveinar og Grýla verða á vappi um miðbæinn þegar jólaþorpið er opið, Jólafía og Jólálfur frá Sirkus Íslands mæta einnig á svæðið, Skjóða skemmtir og svo verður harmóníkuleikur og söngatriði. Hestakerra keyrir um Strandgötuna og geta kátir krakkar að sjálfsögðu fengið far þannig að nóg verður um að vera í Hafnarfirðinum til jóla.“

Jólaþorpið er byggt upp eins frá ári til

**Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri Hafnarfjarðar.**



Ýmislegt falllegt er til sölu í jólaþorpinu.



Margrét Arnardóttir leikur hér á harmóníku í jólaþorpinu.

árs en skemmtidagskráin breytist. Jólaþorpið er vettvangur lista, handverks og hönnunar svo vel er hægt að finna fallegar gjafir í jólaþorpinu. Flestar vörurnar eru íslenskar. „Jólaþorpið er orðið landsþekkt og fólk hvaðanæva af landinu kemur að heimsækja okkur í Hafnarfirðinni á aðventunni. Hafnfirðingar sjálfir

eru líka farnir að nýta tækifærið og bjóða heim í kaffi og kökur á aðventuhelgunum og bjóða fjölskyldu og vinum að ganga svo með sér í bæinn, fara í jólaþorpið, kíkja í búðir og í Hafnarborg á listsýningu og jafnvel setjast niður á einu af notalegu kaffihúsum okkar. Jólaþorpið er líka sótt af erlendum ferðamönnum sem vilja komast í kynni við heimilislega hátíð og jóla-gleði þannig að hátíðin er farin að teygja anga sína ansi víða,“ segir Árdís.

Í jólaþorpinu er hægt að kaupa heitt kakó en kaffihúsum hefur fjölgað í Hafnarfirði og þar er hægt að fá gott kaffi.

Dagskrá hvernar helgar er hægt að sjá á Facebook-síðu jólaþorpsins og heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. [elin@365.is](mailto:elin@365.is)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358 | Vera Einarssdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357  
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433



BÍLAR & FARARTÆKI

**bilfang.is**  
S. 567 2000

**Mikið úrval sendibíla á staðnum. Gott verð !!!**

Bílasalan Bílfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag!  
www.bilfang.is

**100 bílar.is**



Skoda Octavia Combi, 9/2016, nýr og ónotaður bíll, dísel, sjsk, 150 hó, ásett verð 4.350 þús, er á staðnum, raðnr 220952.

100 bílar ehf  
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15  
www.100bilar.is

**Bílaplan.is**



TOYOTA Land cruiser 120. Ágerð 2006, ekinn 209 P.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar. Verð 2.890.000. Rnr.107638.á staðnum



CHEVROLET Spark. Ágerð 2013, ekinn 94 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.180.000. Rnr.107628.á staðnum



DACIA Duster 4x4. Ágerð 2013, ekinn 168 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 1.890.000. Rnr.107581.á staðnum

Bílaplan.is  
Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík  
Sími: 552 6000  
Opið 10 - 18 virka daga og 12 - 15 laugard.  
www.bilaplan.is

**BORGARBÍLASALAN**  
580 8900 • borgarbilasalan.is



**4X4 100 % FJÁRMÖGNUN Í BOÐI**  
SUBARU Forester. Ágerð 2006, ekinn 299 P.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. SÍMI 6952015 Verð 660.000. Rnr.104365.




**VETRARBÍLINN**  
SUBARU Legacy wagon 4wd. Ágerð 2003, ekinn 176 P.KM ný vetardekk Verð 660.000. SÍMI 580-8900 Rnr.452086.



**BESTU KAUPIN**  
NISSAN Pathfinder tdi 33". Ágerð 2007, ekinn 149 P.KM, dísel, sjálfskiptur Verð 1.980.000. Rnr.471419.

**BORGARBÍLASALAN**  
580 8900 • borgarbilasalan.is



**GULLMOLINN 35"**  
TOYOTA Land cruiser 150 GX 35". Ágerð 11/2012, ekinn 72 P.KM LEÐUR 7 MANNA BAKKMYNDAVÉL Verð 8.980.000. SÍMI 695-2015 Rnr.471373.

Borgarbilasalan  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

Vissir þú að... Barnaheill  
Þú er bannað af þessum börnum efir þú heitir

**MAGNÚSSON**  
Bilainnflutningur



Opið: 10 -18 alla virka daga.  
SKODA Octavia TDI. Ágerð 11/ 2014, ekinn 73 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.390.000. Rnr.101288.



FORD Transit Trend FT300. Ágerð 2013, ekinn 85 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.890.000 + vsk. Rnr.101314.



FORD Transit 350 jumbo. Ágerð 2013, ekinn 96 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.680.000 + vsk. Rnr.101313.



FORD Transit 300M. Ágerð 2013, ekinn 25 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.980.000 + vsk. Rnr.101301.

**MAGNÚSSON**  
Bilainnflutningur



FORD Transit 300 . Ágerð 2013, ekinn 46 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.890.000 + vsk. Rnr.101300.

Magnússon.is  
Gilsbúð 3, 210 Garðabæ  
Sími: 517 9500  
www.magnusson.is

**BÍLAMÍÐSTÖÐIN**



JEEP Grand Cherokee Limited. Árg 2015, ekinn 19 P.KM, bensín, sjálfsk. V. 7.980 þús. Rnr.101670. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



KIA Ceed Lx 1.4. Árg 2016, ek 36 P.KM, dísel, Bsk.6 g. V. 2.790 þús. Rnr.101806. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

Bílamiðstöðin  
Breiðhöfða, 110 Reykjavík  
Sími: 517 4500

**NISSAN**  
QASHQAI TEKNA

- ✓ 4WD
- ✓ Dísel
- ✓ Beinskipur
- ✓ Eyðsla 5,1
- ✓ Leðuráklæði
- ✓ Panorama glerþak
- ✓ 19" álfelgur
- ✓ Bi-Xenon LED aðalljós
- ✓ Hituð framrúða
- ✓ 360° myndavél,
- ✓ Rafdrifið ökumannssæti og margt fleira

**90%**  
fjármögnun  
\*\*75.292 kr. á mánuði

**Nýr bíll 2016**  
VERÐ KR. **4.990.000**



KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**

Malarhöfða 2 Sími 5773777 www.bill.is



Bílar til sölu



Chevrolet Spark 2012 módel. 55km. 5 gíra. Verð 850þ kr. S. 6162597

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2017 STÓRSPARNAÐUR!**  
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.  
  
Allar fyrirspurnir sendist á:  
  
kriben@simnet.is  
  
s. 863 4449

Hjólbarðar



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**  
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir



**Startarar & alternatorar**  
í bíla, báta og vinnuvélar  
  
**Bílaraf**  
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði  
Sími 564 0400  
www.bilaraf.is

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.  
  
**Bókhald**  
Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar



Tökum að okkur alhliða málingarvinnu, bæði endurmálun og nýmálun. Vönduð og fagmannleg vinnubrögð.  
  
Sími: 773-4993  
dorimalari@gmail.com

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

MÁLARAR

Faglærðir málarar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 696 2748

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 869 1698.

Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

Nudd

**NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SÁ SÍMASPÁ Í

**S. 844 6845 / 462 4564**  
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta


Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
  
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**  
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarollía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Nudd

**TANTRA NUDD**  
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opíð til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**  
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**  
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍRI!**  
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI

Getum bætt við okkur örfáum tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773 3376 Sólbakki.

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464


Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

**Atvinna í boði**  
Tannlæknastofu Kópavoginum vantar aðstoðarmanneskju til starfa í 100% starf. Áhugasamir sendið umsóknir á tannbjorg@tannbjorg.is  
  
**SMÍÐIR ÓSKAST !**  
Fjölbreytt vinna. Uppl. í s. 899 4819

TILKYNNINGAR

**Einkamál**  
Karlaður 74 ára óskar eftir að kynnað öðrum karlmanni. Uppl. í s. 626 9743



NISSAN NOTE

✓ Dísel 1461cc

✓ 90 Hestöfl

✓ Eyðsla 3,6L

✓ Beinskiptur

✓ 15" álfelgur

✓ Snertiskjár

✓ Leiðsögukerfi

✓ 6 hátalara hljóðkerfi


✓ Bluetooth

✓ USB

90% fjármögnun  
36.414 kr. á mánuði

Nýr bíll 2016

VERÐ KR. 2.290.000



KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2

Sími 5773777

www.bill.is



hagræðing en aðalatriðið er að í svona vinnuumhverfi skapast meiri samvinna starfsmanna. Með þessu fær starfsfólk líka frelsi til að vinna þau verkefni sem það er í og hentar því best.

Enn er óljóst hvað verður um húsnæðið á Kirkjusandi. „Þegar allir eru farnir ætlum við að gera betri skoðun á því og þá kemur í ljós hversu miklar rakaskemmdirnar eru og út frá því verða teknar ákvarðanir um framhaldið,“ segir Birna.

Íslandsbanki hefur fækkað útibúum töluvert á síðustu árum í takt við aukna rafvæðingu bankakerfisins. „Við erum að fara niður í fjórtán útibú, en fyrir rúmum tíu árum vorum við með hátt í fjörutíu útibú, ef við tókum með útibú Byrs. Við erum búin að hagræða mikið í þessa átt, en það er held ég í takt við breyttar venjur viðskiptavina. Þetta hefur verið algjörlega í takt við þær breytingar sem við sjáum á Skandinavíu. Við erum að fjárfesta mikið í þessari stafrænu þjónustu sem verður að aukast samhliða breytingum á útibúum,“ segir Birna.

Hún bendir á að Íslandsbanki hafi alltaf verið mjög framarlega í tæknimálum. „Við vorum fyrsti íslenski bankinn til að fara með heimabankann á netið, og vorum númer átta í heiminum í því á sínum tíma.“

Sala íslensku viðskiptabankanna var mikið í umræðunni á fyrrihluta árs. En eignarhald Íslandsbanka fór einmitt yfir til ríkisins fyrr á árinu. Birna segir að litlar breytingar hafi orðið hjá bankanum við nýtt eignarhald. „Ég er ekki viss um að viðskiptavinir séu mjög uppteknir af því, starfsfólkið er auðvitað aðeins uppteknara af því. En auðvitað vildum við tryggja það að viðskiptavinir upplifðu ekki röskun.“

Birna segir engu að síður að áherslur hafi breyst varðandi sölu-

## Leggur mikið upp úr jafnréttismálum

Á síðustu árum hefur Birna verið mjög áberandi í umræðunni um jafnréttismál, meðal annars sem ein af þeim konum sem eru við stjórn fjármálafyrirtækis. Hún hefur lagt mikið upp úr jafnréttismálum innan bankans.

„Ég er formaður Samtaka fjármálafyrirtækja og mér finnst sorglegt að sjá hve fáar konur stjórna fyrirtækjum í fjármálakerfinu. Auðvitað verðum við að byggja konur upp til að taka við þeim störfum. Þær eru algjörlega komnar þangað og ég myndi vilja sjá að fleiri konur væru að stýra þessum félögum. Það er ekki fyrr en yfirstjórnin vill gera eitthvað í þessu sem hjólin fara að hreyfast. En vilji er allt sem þarf í þetta. Hér vildum við gera eitthvað í þessu og þá gerðist þetta,“ segir Birna.



Hún segir mikilvægt að hugsa út frá því að jafna stöðuna og gera hana betri fyrir alla. „Þú ert að jafna þetta með því að gefa konum tækifæri, en það er ekki þar með sagt að ungir menn eigi ekki einnig að fá tækifæri og það þarf að passa.“

ferli bankans þegar breyting varð á eignarhaldi. „Ég hef lagt áherslu á það að mikilvægt sé að halda áfram því starfi sem búið var að vinna varðandi sölumálin. Við erum með tilbúið gagnaherbergi og erum klár í slaginn þegar eigandinn vill skoða þessi mál. Auðvitað verðum við að skoða hvað eigendur vilja gera í því. Mitt mat er þó að bankinn sé tilbúinn til sölu.“ Hún telur erlent eignarhald raunhæfan möguleika. „Ég held að það sé raunhæft að skoða þann möguleika að erlendur aðili eignist bankann að hluta, eða að hann verði skráður hér og erlendis.“

Annað mál sem hefur verið í umræðunni er stærð bankakerfisins hér á landi, og hvort það sé einfaldlega orðið of stórt. Í þeirri umræðu segir Birna mikilvægt að hugsa hvernig bankakerfið eftir 2008 var búið til.

„Við tókum yfir innlánin og það þurfti að taka útlán til þess að við gætum verið ábyrg fyrir þeim, það réð stærðinni á bankakerfinu þegar það var endurhannað. Oft er verið að segja að bankakerfið sé of stórt ef þú ert að tala um eigið fé sem í því situr. Kannski má rekja þetta til þess hvernig eignarhaldið hefur verið. Í okkar tilfalli lá Glitni, sem átti stóran hluta í bankanum, ekki á að fá greitt í íslenskum krónum umfram eigið fé. Það er kannski ástæðan fyrir því að við sitjum enn á svona miklu eigin fé. Auðvitað vitum við meira núna hvaða kröfur verða gerðar til okkar og þá verður skoðað hvernig strúktúrinn verður.“

Mikið hefur verið rætt um uppskiptingu viðskipta- og fjárfestingabanka. Birna telur að umræðan sé að einhverju leyti á villigötum, þar sem

## Helstu atriði í afkomu fyrstu níu mánaða

■ 2015 ■ 2016

### Hagnaður eftir skatta

2016 **15,6 milljarðar** ↓  
2015 **16,7 milljarðar**

### Hagnaður af reglulegri starfsemi

2016 **11,2 milljarðar króna** ↓  
2015 **11,8 milljarðar króna**

### Arðsemi eigin fjár

2016 **10,3%**  
2015 **10,3%**

### Vaxtamunur

2016 **3%** ↑  
2015 **2,9%**

### Heildareignir

2015

**1.004** milljarðar

2016

**1.068** milljarðar ↑

oft sé mistúlkað hvað sé talið undir fjárfestingastarfsemi. „Við höfum nokkuð góða mynd af því hvað tilheyri fjárfestingabankastarfsemi og hvaða áhættur við erum að taka. Í dag er efnahagsreikningur bankanna 1.000 milljarðar, og þrjú prósent starfseminnar mætti flokka undir fjárfestingabankastarfsemi. Þegar við erum að tala um að skipta þessu upp þá erum við að tala um að aðgreina þessi þrjú prósent. Það væri auðvitað mjög óhagkvæm eining.

Ég skil áhyggjur ráðamanna og almennings varðandi þetta. En það sem ég hef lagt áherslu á og hef rætt við ráðamenn er að yfirvöld ættu að skoða það að setja ákveðinn ramma í kringum þetta. Að þetta ætti ekki vera hærra en ákveðinn hluti af efnahagsreikningnum. Það þyrfti að skipta þessu upp ef þessi hluti færi til dæmis

yfir 10 til 15 prósent. Ég held að þetta sé leiðin til að setja þessa umræðu í einhvern skynsamlegan farveg,“ segir Birna.

„Ég held að það séu ekki margir sem átta sig á því hvað þetta er lítill hluti af starfseminni. Það er mjög mikilvægur punktur að skoða hvað á að falla þarna undir, hvernig eigi að skilgreina þetta og skoða svo stærðirnar, áður en talað er um uppskiptingu.“

Þrátt fyrir langan starfsaldur hjá Íslandsbanka, en Birna hóf fyrst störf hjá forverum hans árið 1987, segist hún ekki vera að hugsa sér til hreyfings eins og staðan er nú. „Mér finnst afskaplega gaman í vinnunni, hér er skemmtilegt fólk sem er gott að vinna með. Ég er ekki að hugsa um að hætta núna, en enginn veit sína ævi fyrir en öll er,“ segir Birna.



**Blikastaðir**  
– byggingarland til sölu

Íslandsbanki auglýsir til sölu stórt byggingarland í Mosfellsbæ. Óskað er eftir tilboðum fyrir kl. 14 miðvikudaginn 30. nóvember 2016.

Um er að ræða 15 hektara byggingarland úr landi Blikastaða í Mosfellsbæ, landanúmer 176813. Landið liggur við bæjarmörk Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, sunnan megin við Korpúlfsstaðaveg og neðan við Vesturlandsveg niður að ánni Korpu. Sýnileiki landsins frá Vesturlandsvegi er mikill og auglýsingagildi því mikið. Samkvæmt aðalskipulagi Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir að verslunar- og þjónustusvæði / athafnasvæði byggist upp á landinu.

Ekki hefur verið gert deiliskipulag fyrir landið og eru gatnagerðargjöld því ógreidd. Deiliskipulagstillögur frá árunum 2008 og 2013, sem unnar voru af eigendum landsins, gerðu ráð fyrir að byggingarmagn á landinu gæti numið 117-130 þúsund m<sup>2</sup>.







Nýsköpun

Haraldur Gísli Sigfússon  
meðstofnandi  
TotalHost

Ný útgáfa

TotalHost er íslenskt sprotafyrirtæki sem gerir leigusölum kleift að fá greitt fyrir að vísa í ferðir. Fyrirtækið var að gefa út nýja og uppfærða útgáfu af TotalHost en frumútgáfan kom út í lok ágúst og hefur fengið góðar viðtökur hjá leigusölum sem segja þetta vera kærkomna viðbót. Frá þeim tíma hafa tekjur leigusala af TotalHost aukist og stefnir fyrirtækið á að stækka á næstunni. Skammtímaleiga fasteigna felur margt annað í sér en einungis að leigja út fasteign. Ferðamenn leita mikið eftir ráðum frá leigusölum til að nýta tímann sinn á Íslandi. Með því að umbuna leigusölum fyrir ráðin sín sérstaklega fær ferðamaðurinn enn betri og fleiri ráð. Okkar markmið er að skapa samfélag þar sem leigusalar eru að hjálpa hver öðrum við að selja ferðir.

TotalHost er fyrsta þjónustan sem einbeitir sér einungis að leigusölum í skammtímaleigu. TotalHost tók þátt í Startup Reykjavík sumarið 2016, í ágúst var frumútgáfu hleypt af stað og hafa undanfarnir tveir mánuðir farið í að straumlínulaga ferla hjá fyrirtækinu ásamt því að sannreyna viðskiptahugmyndina. Í kjölfarið höfum við náð betri samningum við ferðaskipuleggjendur og getum hækkað þóknanir á ferðum til leigusala. Stofnendur TotalHost hafa báðir staðið í skammtímaleigu, það kom þeim mikið á óvart hversu mikil aukavinna er í kringum skammtímaleigu. Samskiptin við gestina eru jafn mikilvæg og sjálf útleigan á fasteigninni. Í gegnum einkunnakerfi AirBnB er leigusalanum gefin einkunn fyrir ýmsa þætti. Meðal annars er einkunn gefin fyrir samskipti. Með TotalHost er leigusalanum gefinn enn meiri hvati til þess að standa sig vel í samskiptunum. Það mun leiða að betri einkunn á AirBnB ásamt því að leigusalinn fær aukatekjur.

„Trumpbólga“ er yfirvofandi



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Fyrir tveimur vikum skrifaði ég í þessum dálki að ég teldi að við værum loksins farin að sjá heiminn fjarlægjast verðhjöðunargildruna, en ég hef lagt áherslu á að ég byggist ekki við að verðbólga færi yfir tvö prósent í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu í náinni framtíð. Það var hins vegar áður en Donald Trump vann óvæntan sigur í bandarísku forsetakosningunum í síðustu viku. Með Trump sem forseta Bandaríkjanna mun verðbólgan stefna hærra.

Næstum öll stefnumál Donalds Trump munu ýta upp verðlagi í Bandaríkjunum – bæði frá framboðshliðinni (kostnaður) og frá eftirspurnarhliðinni. Ef við byrjum á framboðshliðinni þá munu fyrirætlanir Trumps um að herða innflytjendastefnuna, og jafnvel reka ólöglega innflytjendur úr landi, örugglega leiða til hækunarþrýstings hvað launakostnað varðar. Auk þess mun afstaða Trumps til verndartolla hækka innflutningsverð. Sem betur fer virðist ekki vera meirihluti fyrir því að koma öllum stefnumálum Trumps hvað varðar innflytjendur og verndartolla í gegnum þingið en honum mun sennilega takast að koma einhverjum þeirra í gegn.

Hvað eftirspurnarhliðina varðar hefur Trump sagst vilja „tvöfalda hagvöxt“ – við aðstæður þar sem

vöxtur vergrar landsframleiðslu að raunvirði er sennilega nú þegar farinn að nálgast mögulegan vöxt. Hann hyggst auka hagvöxt með því sem best verður lýst sem gamaldags stefnu Keynes – miklum vanfjármögnuðum skattalækkunum og umfangsmiklum fjárfestingum í innviðum.

Þetta mun örugglega auka heildareftirspurn í bandaríska hagkerfinu, en aðeins ef seðlabankinn spilar með, og miðað við viðbrögð markaðarins – mun hærri ávöxtun skuldabréfa og hærri verðbólguvæntingar markaðarins – þá er líklegt að seðlabankinn geri þetta að minnsta kosti að vissu marki.

Raunar hafa nokkrir háttsettir embættismenn hjá Seðlabankanum kallað eftir fjármálastefnu stjórnvalda til að „styðja“ peningamála-

stefnu sem þrýstir verðbólgu upp í tveggja prósentu viðmið seðlabankans en á sama tíma að gera það mögulegt að hækka vexti.

Janet Yellen seðlabankastjóri hefur jafnvel talað um að skapa „háþrýstingshagkerfi“ um tíma til að fá ónýttar auðlindir – sérstaklega þá sem hafa verið atvinnulausir til lengri tíma – aftur inn í bandaríska hagkerfið. Yellen hefur því – fyrir fram – í raun sagt að hún myndi sætta sig við það ef mikil fjárhagsleg örvun myndi um tíma valda því að verðbólgan færi upp fyrir tveggja prósentu markmið Seðlabankans.

Að því sögðu gæti mikil eða langvarandi verðbólga yfir tveggja prósentu markmiðinu auðveldlega farið úr böndunum og það er því mjög líklegt að seðlabankinn þyrfti að stíga á bremsurnar –

kannski jafnvel mjög harkalega. Þetta gæti orðið vettvangur átaka á milli Seðlabankans og ríkisstjórnar Trumps. Seðlabankinn myndi sennilega reyna að hemja verðbólguna með miklum vaxtahækkunum en Trump-stjórnin yrði því mótfallin þar sem Trump hefur lofað að auka hagvöxt og „skapa milljónir starfa“.

Í þessu sambandi skal bent á að ráðningartími Yellen rennur út 2018 og að Trump sagði í kosningaráttaunni að hann vildi fá annan í stað Yellen þrátt fyrir að það sé löng hefð fyrir því að endurráða sitjandi seðlabankastjóra. Þetta, ásamt hugsanlegum deilum um framkvæmd peningastefnunnar, gæti vissulega skapað ástæðulausan óstöðugleika á mörkuðunum 2017 og 2018.

Mannlegi áratugurinn í stjórnun



Hin hliðin

Herdís Pála  
fyrirlesari og ráðgjafi hjá herdispala.com og áhuga-manneskja um stjórnun og árangur

Flestir þeir sem hafa mikinn áhuga á stjórnun spá gjarnan í hvernig bæta megi stjórnun þannig að rekstrarlegur árangur aukist, enda flestum ljós ákveðin tengsl þar á milli.

Starfsmaður eða manneskja

Nú ríkir það sem sumir hafa kallað mannlega áratuginn í stjórnun (e. human decade).

Nýjustu hugmyndir um stjórnun ganga út á það að horfa á starfsmanninn ekki bara sem starfsmann, heldur einstakling. Kannski erum við að fara frá mannauðsstjórnun í mannverustjórnun, frá Human resource management í Human beings management.

Til að stjórnandi eða leiðtogi geti verið góður sem slíkur, eða til að ná tilteknum rekstrarlegum árangri,

þarf hann að byrja á að vera góður í að vera leiðtogi fyrir sjálfan sig.

Hluti af því er að þekkja sjálfan sig, sín persónulegu gildi, eigin styrkleika, hugmyndir um eigin þróun o.s.frv. Að líta reglulega í spegilinn og skoða sjálfan sig vel, og eigin frammistöðu, er í dag talið algjörlega nauðsynlegt til að byggja einhvern meiri árangur á.

Hugmyndir um orkustjórnun í stað tímastjórnunar eru sprottnar upp úr þessari bylgu. Einnig að velgengni í starfi eigi ekki að þurfa að vera á kostnað velgengni heima fyrir og að bestí starfsmaðurinn sé ekki endilega

sá sem vinnur lengstu vinnudagana.

Skýr ávinningur


Ástæðurnar fyrir því að æ fleiri stjórnendur eða leiðtogar vilja nýta sér þessar hugmyndir við stjórnun eru ekki bara þær að starf þeirra verður meira gefandi, heldur líka að þær ýta undir starfsánægju, draga úr veikindum starfsfólks sem og kostnaðarsamri starfsmannaveltu. Þær eru jafnframt taldar ýta undir framleiðni og virkni þar sem fólk upplifir sterkari löngun til að ná árangri með vinnustaðnum. Þetta hefur einnig áhrif á ímynd

vinnustaða og þeir fá fleiri starfsumsóknir og geta valið úr hæfu fólki. Á þessum vinnustöðum ríkir gjarnan menning sem gerir bæði einstaklingunum og vinnustöðunum kleift að ná sínum besta árangri.

Þetta snýst því ekki bara um að vera góður við starfsfólkið sitt, heldur finna leiðir til að auka árangur fyrir alla.

Í þessum anda verður haldin í Hörpunni í febrúar 2017 alþjóðlega leiðtogaráðstefnan Only Human (sjá www.onlyhuman.is), ekki missa af henni!

Er fyrirtækið þitt Ready Business?



Vodafone  
Við tengjum þig

Til að skara fram úr í viðskiptaumhverfi nútímans þurfa fyrirtæki að vera lipur og vel tengd.

Til að fyrirtæki geti talist Ready Business þurfa þau að vera sveigjanleg og notast við alhliða samskiptalausnir til að ná sem bestum árangri við síbreytilegar aðstæður markaðarins. Slík fyrirtæki eru tilbúin að breyta áskorunum í tækifæri, aðlaga sig að þörfum viðskiptavina sinna og hámarka afköst starfsmanna.

Kynntu þér málið á readybusiness.vodafone.is eða hringdu í 599-9500



# 42

„Ég var kynferðislega misnotuð átta ára. Ég hefði þurft hjálp sem lítið barn.

Ég kom til Stígamóta 42 árum seinna. Það breytti öllu í mínu lífi, ég var búin að gefast upp. Líf mitt var martröð.

Stígamót eru það besta sem fyrir mig hefur komið. Ég er hér í dag vegna Stígamóta.

Talan mín er 42.“

**7600** einstaklingar hafa leitað aðstoðar Stígamóta frá upphafi

Þú getur gerst mánaðarlegur styrktaraðili á **stigamot.is**

Fylgstu með á **Stöð 2** 18. nóvember

**#styttumsvartnættið**



Vísir og Job.is í samstarf

Job.is og 365 miðlar hafa ákveðið að ráðast í samstarf til að styrkja stöðu beggja aðila á sviði atvinnuauglýsinga. Frá og með deginum í dag tekur Job.is við rekstri atvinnuvefs Vísis á slóðinni job.visir.is. Tengingar við vefinn eru þær sömu og áður, undir hlekknum Atvinna í haus Vísis. Atvinnuvefur Vísis hefur um árabíl verið einn öflugasti atvinnuvefur landsins en þar birtast meðal annars í hverri viku auglýsingar úr Atvinnublaði Fréttablaðsins. Þetta fyrirkomulag helst óbreytt og munu auglýsingar úr Fréttablaðinu nú birtast á nýja atvinnuvefnum, job.visir.is. Það sem auglýsendur græða meðal annars á þessu samstarfi er aðgangur að fullkomnu úrvinnslukerfi job.is. Þar er hægt að eiga samskipti við alla umsækjendur og vinna úr umsóknum með einföldum og skilvirkum hætti. Job.is hefur verið vettvangur atvinnuauglýsinga á netinu frá 1999. Fyrirtækið hefur mikla þekkingu á aðstæðum auglýsenda og atvinnuleitenda og er með þúsundir einstaklinga á skrá í virkri leit að nýju starfi eða öðru starfi.



Fréttir af viðræðuslitum urðu til þess að hlutbréf lækkuðu í Kauphöll Íslands.

Viðræðuslit lækkuðu markaðinn

Fréttir af viðræðuslitum Sjálfstæðisflokksins annars vegar og Vðreisnar og Bjartrar framtíðar urðu til þess að hlutbréf lækkuðu í Kauphöll Íslands í gær. Dagslækkun úrvalsvisitölnunnar nam 1,21 prósentu strax eftir fréttirnar en hækkaði aðeins á ný og nam 1,02 prósentum við lokun markaða. Slit umræðna milli flokkanna bætast ofan á óvissu um vaxtaákvörðun Seðlabankans. Ýmsir telja að óvissa um stjórn landsins verði til þess að Seðlabankinn fari varlegar í það en ella að lækka vexti. Þá virðist markaðurinn meta meiri líkur á vinstri stjórn í kjölfar viðræðuslitanna en almenn trú á markaði er að slíkt leiði til hærri skatta.

Dans virðingar og Kviku

Stjórn Kviku mælti ekki með því að hluthafar Kviku tækju tilboði Virðingar í hlut þeirra. Kvikumegin bjóða menn hins vegar upp í þann dans að kaupa Virðingu. Kvikumegin er litið á þetta skref sem kurteisi og að ekki sé loku fyrir það skotið að fyrirtækin sameinist á endanum. Hins vegar ber enn afvar mikið á milli í hugmyndum hvors um sig um verðhlutfall milli fyrirtækjanna. Það má því segja að dansinn milli þeirra sé dansaður af virðingu, en kannski ekki kvikri ástríðu.

**ÞJÓNUSTA**  
Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

23,5%

HLUTUR

Almennt útboð á hlutabréfum í Skeljungu hefst þann 28. nóvember og tekur til 493.401.789 hluta eða 23,5 prósentu í félaginu. Áskilinn er réttur til að stækka útboðið í allt að 661.368.368 hluti (31,5 prósent). Stefnt er á að fyrsti viðskiptadagur í Kauphöllinni verði þann 9. desember hið fyrsta.

13%

AUKNING

Fiskafli íslenskra skipa í október var rúm 81 þúsund tonn sem er 13 prósent meiri afli en í október 2015. Botnfiskafli nam rúmum 40 þúsund tonnum og dróst saman um tvö prósent. Aukning var í þorskafla á milli ára en samdráttur í öðrum botnfisktegundum. Uppsjávarafli var 40 prósent meiri afli en í október 2015.

14.11.2016

Það hefur verið mikil ástríða og harðar meiningar, ekki bara gagnrýni heldur líka stuðningur, ég verð bara að lýsa yfir skilningi á því. Það sýnir helst að þessi verkefni sem maður er að vasast í skipta fólk máli og þau eru mikilvæg.

Óttarr Proppé



8. DESEMBER 2016  
JÓLAHÁTÍÐ  
FATLAÐRA


Fimmtudaginn 8. des. verður Jólahátíð fatlaðra haldin í 34. sinn á Hilton Reykjavík Nordica kl. 20

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.  
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn Ásu Berglindar Hjálmarsdóttur leikur létt lög frá 19:15

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri  
Húsið verður opnað klukkan 19:00 og dagskrá lýkur um klukkan 21:30



Laddi



Alda Dís



Raggi Bjarna



Þór Breiðfjörð



Gunni & Felix



Jón Jónsson



Hreimur



Sigmundur Ernir



Jónína Aradóttir



Heiða Ólafs.



Ingó Veðurguð



Sveppi



André Bachmann



Jóhannes Guðjónsson



Bjarni Þór

Kynnir er Sigmundur Ernir Rúnarsson rithöfundur  
Hljóðstjórn er í höndum Jóns Skugga og sviðsstjóri er Friðgeir Bergsteinsson  
Heiðursgestir: Björgólfur Jóhannesson forstjóri Icelandair Group & Magnea Pórey Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri Icelandair Hotels

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki.







Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

### Grundarstígsreitur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 26. október 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 3. nóvember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Grundarstígsreit sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Í tillögunni eru settir fram almennir skilmálar fyrir gróna byggð á reitnum varðandi uppbyggingu kvista, smárra viðbygginga, svala og lítilla geymsla, í samræmi við byggingarreglugerð og byggingarstíl húsa á reitnum ásamt því að athuga möguleika á því að koma lóð fyrir flutningshús innan reitsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

### Korngarðar 3 og 13

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 26. október 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 3. nóvember 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka- Klettasvæði vegna lóðanna nr. 3 og 13 við Korngarða. Í breytingunni felst að hámarks nýtingarhlutfall fyrir millipalla, á lóð nr. 3 við Korngarða, verður 0,34, hámarkshæð húss hækkar frá 26 m. í 35 m. Jafnframt er komið fyrir byggingarreit á lóð nr. 13 við Korngarða þar sem hámarkshæð byggingar verður 18,0 m. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 16. nóvember 2016 til og með 28. desember 2016. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 28. desember 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 16. nóvember 2016  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2016, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. nóvember 2016 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2016, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknaðstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysa-tryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaefirtækni, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2016

Tollstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Ofanflóðavarnir á Norðfirði,

Nesgil og Bakkagil,

Urðarbotn og Sniðgil

Skipulagsstofnun hefur gefið út álit um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitin liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík. Álitin og matskýrslur Fjarðabyggðar er einnig að finna á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).



Mennta- og menningarmálaráðuneyti

### Tilnefning í Æskulýðsráð

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leitar hér með eftir tilnefningum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka um fulltrúa í Æskulýðsráð fyrir tímabilið 2017-2018 sbr. reglugerð nr. 1088/2007 um skipan fulltrúa í Æskulýðsráð. Tilnefna skal konu og karl til setu í Æskulýðsráði til tveggja ára. Í tilnefningunni skal koma fram vilji tilnefndra einstaklinga til að taka að sér setu í Æskulýðsráði. Með tilnefningu skal fylgja yfirlit yfir reynslu og þekkingu tilnefndra á starfi æskulýðsfélaga eða æskulýðssamtaka og yfirlýsing um að viðkomandi uppfylli ákvæði 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Tilnefningar þurfa að berast mennta- og menningarmálaráðuneyti Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík, bréflaga í síðasta lagi miðvikudaginn 23. nóvember 2016.

## MIKLABORG leitar að ...

### Einbýli í Garðabæ

Kaupandi leitar af einbýlishúsi á bilinu 300-400 fm í Garðabæ

- Öruggar, hraðar og góðar greiðslur



Nánari upplýsingar veitir  
**Jason Kristinn Ólafsson**  
aðstm. fasteignasala  
sími: 775 1515  
[jassi@miklaborg.is](mailto:jassi@miklaborg.is)



**Óskar R. Harðarson**  
hdl. og löggiltur fasteignasali  
sími: 569 7000  
[oskar@miklaborg.is](mailto:oskar@miklaborg.is)

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lágmúla 4 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -



Hafðu smá




í dag

ellen

Mánudaga – fimmtudaga kl. 17:40

Sterk tengsl  
í íslensku atvinnulífi  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





## TÍMAMÓT



## Allt sungið á íslensku

Kvennakór Hafnarfjarðar syngur í Hásölum við Strandgötu í kvöld klukkan 20. Tónleikarnir bera yfirskriftina Móður-málið mitt. Þar verða flutt lög og ljóð eftir mörg dádustu skáld þjóðarinnar, meðal annars Jónas Hallgrímsson sem Dagur íslenskrar tungu er kenndur við.

Kórinn fær til sín góða gesti, félaga úr Karlakór Hreppa-manna. Gestum verður boðið að þiggja kaffi og konfekt í hléi.



Elskuleg móðir okkar, sambýliskona, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Hjartardóttir**

Boðapingi 22, Kópavogi,

lést á Borgarspítalanum 8. nóvember.  
Útför hennar fer fram frá  
Fossvogskapelli föstudaginn  
18. nóvember kl. 13.00.

G. Eydis Búadóttir  
Rúna Hjördis Búadóttir  
Stefán Hallbjörn Búason  
Þorsteinn Þorsteinsson

tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hulda Hjörleifsdóttir**

Hjarðarhaga 26, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. nóvember klukkan 15.00. Blóm og kransar eru

vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð Sigurlaugar Margrétar Pétursdóttur, [www.minningarsjodur.is](http://www.minningarsjodur.is).

Ingveldur Sveinbjörnsdóttir  
Hjörleifur Sveinbjörnsson  
Ágústa Sveinbjörnsdóttir  
Árný Erla Sveinbjörnsdóttir  
Jón Sigurðsson  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
Magnús S. Magnússon  
Össur Skarphéðinsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingveldur L. Gröndal**

Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 8. nóvember.  
Jarðarförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

Lúðvík H. Gröndal  
Sigurbjörg H. Gröndal  
Hallgrímur H. Gröndal  
Þorvaldur H. Gröndal  
Kristbjörg Konráðsdóttir  
Ólafur Haukur Ólafsson  
Sólveig Fanný Magnúsdóttir  
Lára Sveinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



„Þegar skriftunum var lokið var ég svo þakklát fyrir hvar ég er stödd í dag,“ segir Aðalbjörg Stefania. FRÉTTABLAÐID/ANTON

## Góð samskipti bæta eigin velliðan og annarra

Í heimspekikaffi í Borgarbókasafninu í Gerðubergi í kvöld fer Aðalbjörg Stefania Helgadóttir hjúkrunarfræðingur yfir samskiptaboðorðin með Gunnari Hersveini heimspekingi.

Samskipti verða í brennidepli í heimspekikaffi í Borgarbókasafninu Gerðubergi í kvöld, 16. nóvember, klukkan 20. Þar munu Gunnar Hersveinn heimspekingur og Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, deildarstjóri hjúkrunar á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands, meðal annars glíma við eftirfarandi spurningar: Hvað merkir það að vera einlægur og trúverðugur í samskiptum? Hvaða afleiðingar hefur það að hlusta ekki á aðra? Hvernig þróast vond samskipti? Hver nennir að breyta sjálfum sér?

Aðalbjörg Stefania skrifaði nýlega bók um hvernig góð samskipti bæta eigin velliðan og annarra. Bókin nefnist Samskiptaboðorðin.

„Bókin er ástæða þess að Gunnar Hersveinn bað mig að koma,“ segir Aðalbjörg. „Við ætlum að ræða um samskiptagreind og samskipti almennt, meðal annars í ljósi heimspekilegra fræða og ég kem með innlegg um hvern-



Það var erfiðast að ákveða að skrifa bókina út frá hjartanu.

ig heiðarleiki birtist í samskiptum. Svo ætlum við líka að tala um samskiptaboðorðin: horfa, heilsa, hlusta, hljóma, hrósa og hjálpa og ég kem með dæmi um þau. Enda eru þau dálítið rauði þráðurinn í bókinni minni og eru meira að segja rauðmerkt til að skerpa á þeim.“

Bók Aðalbjargar er mjög persónuleg og einlæg. Skyldi ekki hafa tekið á að skrifa hana? „Það var erfiðast að ákveða að skrifa bókina út frá hjartanu. Ég skilaði inn handriti árið 2014, það var eiginlega fræðibók um samskipti. En á vegferðinni varð hún persónuleg, rit-

stjórinn minn, hún Guðrún Sigfúsdóttir, hvatti mig til þess. Oft er undanfari stórra ákvarðana erfiðastur, þegar þær hafa verið teknar verður eftirleikurinn auðveldari. Ég bara hugsaði: Aðalbjörg, nú leggur þú allt á borð. Ef þessi bók á að verða trúverðug og koma til skila því sem þú vilt, þá skalt þú sjálf vera opin og heiðarleg – og allt í einu lék þetta verkefni í höndunum á mér.“

Aðalbjörg viðurkennir að sumt hafi reynst átak að rifja upp, eins og kynferðislegt ofbeldi sem hún hafi haldið leyndu að mestu. Eða þegar samskipti hennar og eiginmannsins voru komin á svo vonda stað að fátt annað en kraftaverk gat bjargað þeim.

„En þegar skriftunum var lokið var ég svo þakklát fyrir hvar ég er stödd í dag,“ segir hún. „Við eigum öll okkar hugsjónir og þegar maður finnur sig hafa tilgang og getur gengið fram í honum, þá fyllist maður hamingju.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ásta Bryndís Guðbjartsdóttir**

lést sunnudaginn 13. nóvember í Seljahlið – heimili aldraðra. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 18. nóvember klukkan 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Umhyggju félag langveikra barna.

Bryndís Thorarensen  
Haukur Holm  
Margrét Kristjánsdóttir  
Bjarni Grímsson  
Guðný Lára Ingadóttir  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Ingi Rósmundsson**

Stóragerði 42, Reykjavík,

lést á Landspítalanum hinn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 17. nóvember klukkan 13.

Karitas Haraldsdóttir  
Ólafur Már Ólafsson  
María Erla Ólafsdóttir  
Birgitta Rósmundsdóttir  
Eliás Guðmundsson  
Sigríður St. Óskarsdóttir  
Sigtryggur Björn Hreinsson  
barnabörn og aðrir aðstandendur.





# Jóla kvöld í BAUHAUS


fimmtudaginn 17. nóvember frá kl. 17-21

Soffía frá skreytum hús verður á staðnum og  
veitir ráðgjöf á milli kl. 19-21



# 20% afsláttur

af öllum jólaseríum, jóla ljósum og jóla skrauti



# BAUHAUS<sup>®</sup>











# Jólagjöf *jólatilboð* fagmannsins 16.560

3.000 kr.  
verðlækkun

**Ath!**  
**Takmarkað**  
**magn**



**179 stk.**



Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



# MENNING

## Upp í hæstu hæðir

TÓNLIST

Sinfóniútónleikar

★★★★★

Eldborg í Hörpu

Fimmtudaginn 10. nóvember

Sinfóniuhljómsveit Íslands

**Verk eftir:** Dvorák, Sibelius og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur.

**Einleikari:** Andreas Brantelid.

**Stjórnandi:** Yan Pascal Tortelier.

Með fullri virðingu fyrir öllum heimsins sellóleikurum, þá held ég að ég hafi aldrei heyrt jafn vel spilað á selló og á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands sl. fimmtudagskvöld. Einleikarinn var hinn danski Andreas Brantelid, og viðfangs-efni hans var sellókonsertinn eftir Dvorák. Það er einkar sjarmerandi tónlist. Laglínurnar eru himneskar, blæbrigðin munúðarfull og framvindan spennandi. Brantelid spilaði af mikilli innlifun, og hver einasti tónn var svo fagurlega mótaður að það var alveg einstakt. Nótahlaupin voru jafnframt fullkomlega af hendi leyst, tær og jöfn. Túlkunin var blátt áfram og eðlileg; maður naut hvers tóns.

Hljómsveitin spilaði líka prýðilega undir styrkri stjórn Yans Pascals Tortelier, hins nýbakaða aðalstjórnanda hljómsveitarinnar.

Eins og kunnugt er tók hann til starfa í haust og hefur hingað til ekki valdið vonbrigðum. Hann er sérlega líflegur tónlistarmaður, fullur af músík og innblæstri.

Þessir eiginleikar nýttust ágætlega í íslenska verkinu á efnisskránni, Aqueora eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Þar var stemningin lygn, mikið um hljóma í kyrrstöðu, tónmálið hefðbundið. Upp í hugann kom mynd af friðsömu landslagi. Þó var greinanleg ákveðin ólga sem einstöku sinnum braust fram. Tortelier miðlaði þessu af gripandi næmleika. Tónlistin var óvenju lífræn undir stjórn hans, sem gerði hana heillandi viðkvæma. Hljómsveitin spilaði líka af tæknilegu öryggi, finleg litbrigðin voru nostursamlega ofin, heildarmyndin sannfærandi.

Þrátt fyrir afar ánægjulega upplifun fyrir hlé, var toppnum samt ekki náð. Nei, það var önnur sínfónía Sibeliusar sem gerði mann brjáláðan. Eins og Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur benti réttilega á í tónleikaskránni, þá voru stilbrögð Sibeliusar þvert á viðteknar venjur. Á meðan hefðin var að byrja svona verk á breiðum og krassandi stefnum, sem svo voru söxuð niður og unnið úr í fjölbreytilegum tóntegundaskiptum, þá nálgaoðist Sibelius verk-efni sitt á annan hátt. Sjálfur sagði hann að það væri eins og Almættið



Andreas Brantelid einleikari fór á kostum á tónleikum SÍ síðastliðinn fimmtudag. MYND/MARIOS TARAMIDES

hefði hent mósaíkbútum af gólfi himnaríkis niður til jarðar og beðið hann um að pásla þeim saman.

Upphafid er óreiðukennt, þar koma fyrir alls konar hendingar og stefbrot sem virðast ekki eiga neitt sameiginlegt. Andrúmsloftið er þrungið átökum, óljóst er hvað snýr upp og hvað niður. En smátt og smátt fer að komast mynd á

tónavefinn og undir það síðasta birtast mögnuð stef. Þau vaxa upp í hápunkt sem er svo máttugur að orð fá því ekki lýst. Tortelier og hljómsveitin gerði þetta af því-likum ástriðum og ákafa að maður fékk gæsa húð. Útkoman var vægast sagt áhrifarík. Ef til vill mátti heyra örlitlar snurður í samspili ef vel var að gáð, t.d. hjá strengjunum. En líf-

andi tónleikar eru sjaldan fullkomnir. Það sem VAR fullkomið var innlifunin og flæðið í túlkuninni. Hún gerði að verkum að þessir tónleikar verða að teljast með þeim betri í langan tíma. **Jónas Sen**

**NIDURSTADA:** Algerlega framúrskarandi tónleikar með einstökum sellóleikara og yfirburða hljómsveitarstjórn.

## Eitthvað nýstárlegt, eftirtektarvert og kímið

LEIKHÚS

Ævisaga einhvers

★★★★★

Kriðpleir og Tjarnarbió

**Á sviði:** Árni Vilhjálmsson, Friðgeir Einarsson og Ragnar Ísleifur Bragason  
**Utan sviðs:** Bjarni Jónsson  
**Einhver:** Ylfa Ósp Áskelsdóttir  
**Leikmynd og búningar:** Sigrún Hlin Sigurðardóttir  
**Vídeo og hljóðmynd:** Guðmundur Vignir Karlsson  
**Sönglög:** Árni Vilhjálmsson og Birgir Ísleifur Gunnarsson  
**Lagið um Óla:** Gylfi Sigurðsson og Arnljótur Sigurðsson  
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson

Eftir að hafa haldið krisufund á síðasta leikári er sviðslistahópurinn Kriðpleir kominn saman aftur til að sýna áhorfendum nýjasta sviðs-verkið sitt. Ævisaga einhvers var frumsýnd í Tjarnarbiói síðastliðinn laugardag þar sem æviatriði hundr- að einstaklinga og fjögur frumsamin dægurlög eru tekin fyrir, rannsökuð og sviðsett, hvorki meira né minna. Sviðslistahópurinn Kriðpleir mynda þeir Árni Vilhjálmsson, Friðgeir Einarsson og Ragnar Ísleifur Bragason en leikskáldið Bjarni Jónsson er þeim til halds og trausts utan sviðs. Heimildaleikhús hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi síðustu misseri, með misgöðum árangri. Á yfirborðinu virðist hópurinn ætla að þramma í annarra spor og búa til sýningu byggða á persónulegum viðtölum sem þeir splæsa síðan saman. En þeir gera sér lítið fyrir og brjóta nánast allar reglur hvað varðar sköpun slíkra verka og nota brotin til að búa til eitthvað nýstárlegt, eftirtektarvert og kímið. Hvernig er hægt að skilgreina ævi einnar manneskju? Hvað þá hundr- að? Árni, Friðgeir og Ragnar þræða, kýta og rökræða um hið daglega amstur þar sem þvottavélaflutningar og týndar stífur mynda eins konar kjarna framvindunnar, ef svo mætti kalla. Hér kennir ýmissa grasa s.s. notkunarleiðbeininga tuskunnar, mikilvægis forfeðra okkar, kexáts



Ævisaga einhvers er besta sýning leikhópsins Kriðpleirs til þessa.

og áreiðanleika minninga. Handritið er agað án þess að treysta algjörlega á skýra framvindu og samtölin öræð án þess að vera sjálfhverf. Enginn er skráður fyrir handriti eða leikstjórn en látlaus sviðsframkoma, fin hugmyndavinna og síðast en alls ekki sist góð samvinna hópsins, bæði á sviði sem og utan þess, skapar heildstæða og áhugaverða sýningu. Hún er upp á sitt allra besta þegar viðsnúningurinn frá heimildaleikhúsinu fær sem surrealistastan blæ. Bréfið sem Friðgeir skrifar varðandi fund húsfélagsins er nánast óbærilega fyndið í öllum sínum óendanlega og örlítið niðurdrepandi hversdagsleika. Að auki er öll sú sena virkilega gott dæmi um hversu fjölþætt Ævisaga einhvers er í raun, þó að ekki sé endilega mikið að gerast á sviðinu getur einfaldleikinn verið dularfyllri en virðist við fyrstu sýn. Upptökur, myndvörpun og hvers kyns hljóðmyndir skipa mikilvægan sess í sýningunni en Guðmundur Vignir Karlsson vinnur þessi fjöl-

breyttu verkefni einkar vel. Þá er sérstaklega vert að minnast á bráðgöða upptökuvinnu og hugvitsamlega myndavélanotkun. Oftar en ekki er heiminum sem áhorfendur sjá á sviðinu skipt upp í skjábrot sem minnir óþægilega mikið á okkar daglegu tilvist. Leikmynd og búningar Sigrúnar Hlinar Sigurðardóttur eru sömuleiðis látlaus en smellpassa sýningunni, þá sérstaklega sviðsmyndin. Er lífið bútaasumsteppi, linurit eða hálfklárað og örlítið leiðinlegt borðspil sem hefur engar skýrar reglur? Í raun er Ævisaga einhvers ekki tilraun til að svara neinum af þessum spurningum að neinu leyti heldur tilraun til að fá áhorfendur til að svara fyrir sig sjálfa. Þar liggur galdurinn og jafnvel tilgangurinn með þessu öllu saman. Eins og segir í verkinu: „Þetta er ævispilið.“ **Sigríður Jónsdóttir**

**NIDURSTADA:** Besta sýning Kriðpleirs- hópsins til þessa.

# BLÁR

# FIMMTUDAGUR

### Í VERSLUNUM BYKO

### FIMMTUDAGINN

### 17.NÓVEMBER KL. 8-21.

Fjöldinn allur af stórkostlegum tilboðum sem ættu að höfða til allra! Opíð kl. 8-21. Dagskrá og tilboð verða tilkynnt á viðburði á Facebook og á heimasíðu byko.is.

Viltu vinna **50.000 kr.** gjafabréf í BYKO? Skráðu mætingu þína á viðburðinn á Facebook og þú gætir dottið í lukkupottinn. Dregið verður miðvikudaginn 16. nóvember kl. 16.



byko.is



GERUM ÞETTA SAMAN



# 40

„Ég varð fyrir kynferðis-  
ofbeldi 11 ára gamall.  
Í 40 ár þagði ég yfir  
leyndarmálinu af ótta  
við gerandann.

40 ár liðu þar til ég  
leitaði til Stígamóta,  
skilaði skömminni  
og bataferlið hófst.

Talan mín er 40.“

Árlega nýta um **700** einstaklingar  
sér aðstoð Stígamóta

Þú getur gerst mánaðarlegur  
styrktaraðili á **stigamot.is**

Fylgstu með á **Stöð 2** 18. nóvember

**#styttumsvartnættið**



LAUGARÁS BÍÓ

mid.is

16

HACKSAW RIDGE

12

ARRIVAL

12

BRIDGET JONES'S BABY

L

TRÖLL 2D

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
HACKSAW RIDGE	8, 10.45
ARRIVAL	8, 10.45
TRÖLL 2D	6
BRIDGET JONES'S BABY	5.30, 10.30
DOCTOR STRANGE	5.30

SAMBÍÓIN

SAMBIO.IS

MICHAEL FASSBENDER ALICIA VIKANDER RACHEL WEISZ

THE LIGHT BETWEEN OCEANS

★★★★★

BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK

BENEDICT CUMBERBATCH CHIWETEL EJIOFOR TILDA SWINTON

"FLAT OUT COOL"

★★★★★

DOCTOR STRANGE 2D

BEN AFFLECK ANNA KENDRICK I.K. SIMMONS

THE ACCOUNTANT

★★★★★

BLANDA AF JASON BOURNE OG THE USUAL SUSPECTS

THE LIGHT BETWEEN OCEANS	KL. 5:20 - 8 - 10:40
THE ACCOUNTANT	KL. 5:20 - 8 - 10:40
THE ACCOUNTANT VIP	KL. 10:40
SJÓUNDI DVERGURINN	KL. 6
DOCTOR STRANGE 2D	KL. 5:30 - 8 - 10:30
DOCTOR STRANGE 2D VIP	KL. 5:30 - 8
JACK REACHER 2	KL. 8 - 10:30
THE GIRL ON THE TRAIN	KL. 8
STORKAR	KL. 6
SULLY	KL. 10:30

THE LIGHT BETWEEN OCEANS	KL. 8 - 10:40
THE ACCOUNTANT	KL. 10:40
DOCTOR STRANGE 3D	KL. 8

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is

Kaupa miða

Hvað? Hvenær? Hvar?

Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

16. NÓVEMBER 2016

Tónlist

**Hvað?** Björn Thoroddsen  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu 6a  
Björn Thoroddsen gítarleikari og Anna Þuríður Sigurðardóttir söngkona halda þrenna tónleika nú í vikunni. Efnisskrá tónleikanna eru lög af nýútkominni hljómplötu þeirra Björns og Önnu auk fleiri laga úr ýmsum áttum. Þeim til aðstoðar verður Jón Rafnsson bassaleikari. Tónleikarnir hefjast allir kl. 21.00 og er miðasala við innganginn.

Viðburðir

**Hvað?** Dagur íslenskrar tungu  
**Hvenær?** 15.00  
**Hvar?** Björtuloft í Hörpu  
Hátíðardagskrá í Björtuloftum í Hörpu á Degi íslenskrar tungu. Forseti Íslands, malid.is kynnt, afhending viðurkenningar. Eva María Jónsdóttir mun kynna.

**Hvað?** Vefuppbóð á myndlist  
**Hvenær?** 19.00  
**Hvar?** Uppbóð.is  
Vefuppbóði nr. 254 á myndlist lýkur í dag á Uppbóð.is. Fyrsta verkið verður bóðið upp kl. 19 og síðan á þriggja mínútna fresti þar á eftir. Forsýning á verkunum fer fram í galleríinu á meðan á uppboðinu stendur.

**Hvað?** SmallTalks – Samspil hönnunar og tónlistar



Opinn fundur með Damlan Ugwu og Moses Akatugba í Norræna húsinu í dag kl. 12.00.

**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Harpa  
Á fyrirlestrinum verður fjallað um samspil hönnunar og tónlistar. Hönnun og tónlist haldast þétt í hendur og á þessum fyrirlestri verður sjónum beint að því hversu mikilvæg hönnun er í framsetningu og kynningu tónlistar.

**Hvað?** Hvernig eru góð samskipti?  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Gerðuberg  
Heimspekikaffi með Gunnari Hersveini um samskipti sem hafa áhrif á líðan fólks og velferð og ráða því hvort það verður hamingjusamt eða ekki. Gunnar spáir í samskiptagreind fólks og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir hjúkrunarfræðingur segir frá samskiptaboðorðunum en hún skrifaði bók um hvernig góð

samskipti bæta eigin vellíðan og annarra.

**Hvað?** Opinn fundur með Damian Ugwu og Moses Akatugba  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Norræna húsið  
Mannréttindahetjan Moses Akatugba er gestur Íslandsdeildar Amnesty International og fallar um reynslu sína sem þolandi grófra pyndinga af hálfu lögreglu og hers í Nígíríu, áratuginn sem hann sat á bak við lás og slá, tíma sinn á dauðadeild, langþráða náðun á síðasta ári og mikilvægi þess að berjast fyrir réttindum annarra þolenda mannréttindabrota.

**Hvað?** Hrafnaping – Myglusveppir í íslenskum húsum  
**Hvenær?** 15.15

**Hvar?** Náttúrufræðistofnun – Urriðaholtsstræti 6-8  
Kerstin Gillen, líffræðingur við Náttúrufræðistofnun Íslands, flytur erindið Myglusveppir í íslenskum húsum. Hrafnaping er haldið í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar að Urriðaholtsstræti 6-8 í Garðabæ, í Krummasölum á 3. hæð. Allir velkomnir.



Eva María Jónsdóttir verður kynnt á Degi íslenskrar tungu í Björtuloftum í Hörpu í dag kl. 15.00

BIO ★ PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Slack Bay.....	17:30, 20:00
Aumingja Ísland.....	18:00
Innsæi / The Sea Within .....	18:00
Child Eater.....	20:00
Svarta gengið.....	20:00
The Girl With All The Gifts.....	22:30
Captain Fantastic.....	22:00
Embrace Of The Serpen.....	22:00



DRUNGI EFTIR RAGNAR JÓNASSON

# NÝ BÓK RAGNARS!



BESTA ÞÝDDA  
GLÆPASAGAN  
Í BRETLANDI!  
(NÁTTBLINDA)

„HEFUR BLÁSIÐ  
NÝJU LÍFI  
Í NORRÆNU  
GLÆPASÖGUNA.“  
SUNDAY  
EXPRESS



**Drungi** er ný og spennandi glæpasaga eftir **Ragnar Jónasson**. Risaforlagið Penguin hefur þegar tryggt sér réttinn á henni fyrir Breska samveldið!

„Breskir aðdáendur glæpasagna þekkja tvo frábæra íslenska rithöfunda, Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur. Hér kemur sá þriðji: Ragnar Jónasson.“

**The Times**

2.

**Metsölulisti  
Eymundsson**  
Allar bækur

VERÖLD





DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan  
07.25 Teen Titans Go!  
07.50 Mindy Project  
08.10 Ellen  
08.50 The Middle  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.20 Logi  
11.10 Atvinnumennirnir okkar  
11.50 Dallas  
12.35 Nágrannar  
13.00 Neyðarlínan  
13.35 Six Puppies and Us  
14.35 The Comeback  
15.00 Project Greenlight  
15.40 Mr. Selfridge  
16.30 Simpson-fjölskyldan  
16.55 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen.  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Íþróttir  
19.05 Fréttir Stöðvar 2  
19.20 Vikingalottó  
19.25 Mom Priðja gamanþátta-  
röðin um einstæðu móðurina,  
Christy, sem hefur háð baráttu við  
Bakkus en er nú að koma lífi sínu á  
rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt  
líf í Napa Valley í Kaliforníu en það  
eru margar hindranir í veginum,  
ekki sist í hennar eigin fjölskyldu.  
Mamma hennar er einnig óvirkur  
alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar  
er að leiðast út á hættulega braut.  
19.50 Ísskápastríð Nýr og  
skemmtilegur matreiðsluþáttur í  
umsjón Evu Laufeyjar og Gumma  
Ben sem jafnframt gegna hlutverki  
líðsstjóra. Í hverjum þætti fá Eva  
og Gummi til sín keppendur sem  
þau skipta með sér í lið. Keppnin  
gengur svo út á það að í byrjun  
fá þau að velja einn ísskáp af  
nokkrum mögulegum og í hverjum  
ísskáp er hráefni fyrir forrétt,  
aðalrétt og eftirrétt. Keppendur  
og líðsstjórar þurfa svo að vinna  
innan ákveðins tímaramma til að  
töfra fram þrjá girnilega rétti.  
20.25 Grey's Anatomy  
21.10 Divorce  
21.45 Pure Genius  
22.30 Nashville  
23.10 Real Time with Bill Maher  
00.10 NCIS  
00.50 The Blacklist  
01.35 StartUp  
02.20 High Maintenance  
02.50 Stalker  
03.30 Spring Breakdown  
04.50 Battle Creek

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Markaðáttur Undankeppni  
HM 2018  
07.50 Portúgal - Lettland  
09.35 Lúxembúrg - Holland  
11.20 Sviss - Færeyjar  
13.05 Belgía - Eistland  
14.45 Markaðáttur Undankeppni  
HM 2018  
15.35 England - Spánn  
17.20 Malta - Ísland  
19.05 Njarðvík - Haukar  
21.15 Any Given Wednesday  
21.45 Pittsburgh Steelers - Dallas  
Cowboys  
00.35 Njarðvík - Haukar

STÖÐ 2 SPORT 2

08.30 Wolverhampton - Derby  
10.15 Grindavík - Njarðvík  
11.55 Oklahoma City Thunder –  
L.A. Clippers  
13.55 Liverpool - Watford  
15.35 Swansea - Man. United  
17.15 Premier League Review  
18.10 Formúla 1 - Keppni  
22.35 Króatía - Ísland  
00.25 Markaðáttur Undankeppni  
HM 2018

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðió	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,3 FM Suðurland	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 89,5 Retro	FM 93,5 Rás 1	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 99,4 Útvarp Saga	
FM 90,1 Rás 2	FM 95,7 FM957	FM 97,7 X-ið	FM 100,5 K100	

STÖÐ 3

17.45 The League  
18.10 Mike & Molly  
18.30 New Girl  
18.55 Modern Family  
19.20 Fóstbræður  
19.50 Dagvaktin  
20.35 Lögreglan  
21.05 Legends of Tomorrow  
21.50 Flash  
22.35 Rome  
23.20 Klovn  
23.45 The Knick  
00.40 Fóstbræður  
01.05 Dagvaktin  
01.50 Lögreglan  
02.15 Legends of Tomorrow  
03.00 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!  
07.24 Svampur Sveinsson  
07.49 Lalli  
07.55 Rasmus klumpur  
08.00 Kalli á þakinu  
08.25 Gulla og grænjaxlarnir  
08.37 Stóri og litli  
08.49 Hvellur keppnisbíll  
09.00 Zigby  
09.10 Ævintýraferðin  
09.25 Brunabíllarnir  
09.47 Mæja býfluga  
10.00 Dóra könnuður  
10.24 Mörgæsirnar  
10.47 Doddi litli og Eyrnastór  
11.00 Áfram Diego, áfram!  
11.24 Svampur Sveinsson  
11.49 Lalli  
11.55 Rasmus klumpur  
12.00 Kalli á þakinu  
12.25 Gulla og grænjaxlarnir  
12.35 Stóri og litli  
12.47 Hvellur keppnisbíll  
13.00 Zigby  
13.10 Ævintýraferðin  
13.25 Brunabíllarnir  
13.47 Mæja býfluga  
14.00 Dóra könnuður  
14.24 Mörgæsirnar  
14.47 Doddi litli og Eyrnastór  
15.00 Áfram Diego, áfram!  
15.24 Svampur Sveinsson  
15.49 Lalli  
15.55 Rasmus klumpur  
16.00 Kalli á þakinu  
16.25 Gulla og grænjaxlarnir  
16.35 Stóri og litli  
16.47 Hvellur keppnisbíll  
17.00 Zigby  
17.10 Ævintýraferðin  
17.25 Brunabíllarnir  
17.47 Mæja býfluga  
18.00 Dóra könnuður  
18.24 Mörgæsirnar  
18.47 Doddi litli og Eyrnastór  
19.00 Flóttinn frá jörðu



GOLFSTÖÐIN

08.10 Nedbank Golf Challenge  
10.15 Golfing World  
11.05 OHL Classic  
14.05 The Open Official Film  
15.00 OHL Classic  
18.00 Golfing World  
18.50 OHL Classic  
21.50 PGA Tour – Highlights  
22.45 Golfing World  
23.35 PGA Special: Tour Life

BÍÓSTÖÐIN

12.15 And So It Goes  
13.50 Paul Blart: Mall Cop 2  
15.25 Drumline: A New Beat  
17.10 And So It Goes  
18.40 Paul Blart: Mall Cop 2  
Skemmtileg gamanmynd frá  
2015 með Kevin James í aðalhlut-  
verki. Eftir sex ára fórnfúst starf  
í verslunarmiðstöðinni ákveður  
öryggisvörðurinn Paul Blart að fara  
í fri til Las Vegas ásamt dóttur sinni  
og slaka dálítið á. En þegar bíræfnir  
þjófar og glæpamenn fara á stjá  
kallar skyldan.  
20.15 Drumline: A New Beat  
22.00 Ask the Dust Eldheit og  
rómantísk spennumynd um rit-  
höfundinn Arturo Bandini. Hann  
kemur til Los Angeles til að skrifa  
skáldsöguna sem mun breyta lífi  
hans og hitta draumadísina sína  
sem er ljós yfirlitum. Þegar Camilla  
Lopez, mexíkósk þjónustustúlka  
með drauma um að giftast til fjár,  
kemur inn í líf hans þurfa þau bæði  
að takast á við eigin fordóma og  
annarra til að finna hamingjuna.  
Með aðalhlutverk fara Colin Farrel,  
Salma Hayek og Donald Suther-  
land.  
00.00 Falling Down  
01.55 16 Blocks  
03.35 Ask the Dust

RÚV

17.15 Framandi og freistandi II  
17.45 Tákn málsfréttir  
17.55 Disneystundin  
17.56 Finnbogi og Felix  
18.18 Sigildar teiknimyndir  
18.25 Gló magnaða  
18.50 Krakkafréttir  
18.54 Vikingalottó  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
20.05 Bitlarnir að eilífu – Love me  
do  
20.15 Kiljan  
21.00 Á sama báti  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Tilgangurinn helgar meðalið  
23.55 Kastljós  
00.20 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 The Millers  
08.20 Dr. Phil  
09.00 The Biggest Loser  
09.45 The Biggest Loser  
10.35 Pepsi MAX tónlist  
13.20 Dr. Phil  
14.00 Younger  
14.20 Jane the Virgin  
15.05 The Grinder  
15.25 Speechless  
15.50 Girlfriend's Guide to Divorce  
16.35 The Tonight Show starring  
Jimmy Fallon  
17.15 The Late Late Show with  
James Corden  
17.55 Dr. Phil  
18.35 Everybody Loves Raymond  
19.00 King of Queens  
19.25 How I Met Your Mother  
19.50 Odd Mom Out  
20.15 Survivor  
21.00 Chicago Med  
21.45 Bull  
22.30 The Tonight Show Starring  
Jimmy Fallon  
23.10 The Late Late Show with  
James Corden  
23.50 Jericho



**ÍSSKÁPASTRÍÐ**  
Nýr og stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki líðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins.



**MAGNAÐ**  
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**  
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**GREY'S ANATOMY**  
Hörkuvinsælir dramapættir sem gerast á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráð-efnilegir skurðlæknar.



**DIVORCE**  
Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.



**PURE GENIUS**  
Vandaðir nýir þættir um James Hill sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingarkenndustu lækna-miðstöð í heimi.



**NASHVILLE**  
Skemmtileg seria um kántrísöngkonurnar Raynu James og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu í bransanum.



**ASK THE DUST**  
Rómantísk spennumynd um rithöfund og þjónustustúlku sem þurfa bæði að takast á við eigin fordóma og annarra til að finna hamingjuna.



**3 FLASH**  
Hörkuspennandi þættir um ævintýri visindamannsins Barry Allen sem er í raun ofurhetja og getur ferðast um á ótrúlegum hraða.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is





**TILBOÐ**

# MÁLTÍÐ

Borgari

Franskar

Pepsi/Pepsi Max 0,5 l

Lays 27,5 g

**1200 kr.\***



Bad Boys Burgers and grill - Vesturlandsvegí - Reykjavík / Hagasmára 9 - Kópavogi - Sími 513 8060

\* Gildir til og með 30. nóv. 2016. Gildir ekki fyrir tvöfaldan borgara. / Not valid for a double burger.





Leikstjórinn stillir sér upp með Gold Q Hugo verðlaunin á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Chicago. MYND/TIMOTHY M. SCHMIDT



Guðmundur Arnar Guðmundsson leikstjóri og Anton Máni Svansson framleiðandi stilla sér upp með Queer Lion verðlaunin sem þeir hlutu á Kvikmyndahátíðinni í Feneyjum en hún er elsta kvikmyndahátíð í heiminum. MYND/MORIS PUCCIO



Aðalverðlaunin í Lübeck í höndum Guðmundar Arnars sem getur nú verið ansi grobbinn með árangur Hjärtasteins. MYND/OLAF MALZAHN



Anton Máni Svansson, framleiðandi myndarinnar, þakkar hér fyrir sig á alþjóðlegu Molodist kvikmyndahátíðinni í Kænugarði í Úkraínu þar sem Hjärtasteinn tók þrenn verðlaun. MYND/VOLODYMYR SHUVAYEV

# Sigurför Hjärtasteins

Kvikmyndin Hjärtasteinn hefur farið sannkallaða sigurför um heiminn og raðað inn verðlaunum á hverri kvikmyndahátíðinni eftir annarri. Lífið tekur hér saman verðlaunin og birtir nokkrar myndir af hátíðunum sem eru orðnar ansi margar.

Hjärtasteinn hefur nú þegar þetta er skrifað unnið 12 verðlaun á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. Hjärtasteinn verður frumsýnd á aðaltökustað sínum, Borgarfirði eystri, þann 28. desember og fer í almennar sýningar þann 13. janúar. Hér er listi yfir hátíðirnar sem myndin hefur þegar verið á og þau verðlaun sem hún hefur hlotið:

### Kvikmyndahátíðin í Feneyjum, Ítalíu

- Queer Lion verðlaunin

### TIFF – Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Toronto, Kanada

- Besti leikstjórinn
- Baldur Einarsson hlaut sérstök dómnefndarverðlaun fyrir leik sinn
- Kirkjuverðlaun hátíðarinnar

### Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Chicago

- Gold Q Hugo verðlaunin

### Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Busan, Suður-Kóreu

### Alþjóðlega Molodist kvikmyndahátíðin í Kænugarði, Úkraínu

- Áhorfendaverðlaun hátíðarinnar
- FIPRESCI verðlaun samtaka gagnrýnenda
- Baldur Einarsson hlaut sérstök dómnefndarverðlaun fyrir leik sinn

### Kvikmyndahátíðin í Ghent, Belgíu

### CPH:PIX kvikmyndahátíðin í Kaupmannahöfn, Danmörku

- Áhorfendaverðlaun Politiken

### Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Sao Paulo, Brasilíu

### Norrænu kvikmyndadagarnir í Lübeck, Þýskalandi

- Aðalverðlaun hátíðarinnar - NDR verðlaunin

### Scanorama alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Vilnius, Litháen

### Evrópska kvikmyndahátíðin í Sevilla, Spáni

- Ocaña frelsisverðlaunin

### Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Þessalóníku, Grikklandi

- Silfurverðlaun hátíðarinnar (Silver Alexander verðlaunin)



Hjärtasteinshópurinn kominn saman á sviðinu í Lübeck á Norrænu kvikmyndadögum þar sem Hjärtasteinn hreppti aðalverðlaunin. MYND/OLAF MALZAHN



Guðmundur Arnar Guðmundsson leikstjóri með verðlaunin þrenn sem Hjärtasteinn hlaut á kvikmyndahátíðinni í Varsjá. MYND/RAFAL NOWAK



# VILT ÞÚ BÍL Á BETRI DÍL?

## KOMDU OG PRÓFAÐU

### TOYOTA YARIS ÁRGERÐ 2016

AÐEINS KR.  
**1.990**  
ÞÚSUND

KAUPAUKI  
AÐ VERÐMÆTI KR.  
**200.000**

- ✓ NÝJAR ÁLFELGUR
- ✓ NÝ VETRARDEKK
- ✓ FILMUR Í AFTURGLUGGUM



26 ÞÚS.  
Á MÁNUÐI\*

- ✓ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ
- ✓ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
- ✓ TIL Í ÝMSUM LITUM
- ✓ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
- ✓ GÓÐ ENDURSALA
- ✓ TÖKUM BÍLA UPPÍ
- ✓ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

NÝ SENDING  
Á ÞESSU  
FRABÆRA  
TILBOÐI

Aukahlutir á mynd samlitir  
speglar og húnar fylgja ekki.  
Meðfylgjandi álfelgur eru  
sambærilegar.

\* Miðað við 20% útborgun  
\*\* Yaris 1,0 bensín eknir á bilinu 25-29 þúsund km  
\*\*\* Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

### DACIA DUSTER 4 x4 Diesel Lítið notaðir árgerð 2016

- ✓ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- ✓ Allt að 90% fjármögnun
- ✓ Til í ýmsum litum
- ✓ Góð endursala
- ✓ Tökum bíla upp í



AÐEINS KR.  
**3.380**  
ÞÚSUND

- Leðursæti
- Bluetooth
- Bakskynjari
- Álfelgur
- USB og Aux tengi
- Hiti í sætum
- Ofi

DEKKJAPAKKI  
AÐ VERÐMÆTI  
**120.000**  
- FYLGIR ÖLLUM BÍLUM



Bílar eru eknir á bilinu 20-26 þúsund km.  
Eigum nokkra bíla til afgreiðslu strax

**586 1414**

stora@stora.is · stora.is  
facebook.com/storabilasalan

  
opið í dag 10-18  
kaffi á könnunni

## STÓRA BÍLASALAN

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



# ÞEGAR ALLT ER BREYTT

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins



Við erum til staðar þegar á þarf að halda. Markmið okkar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi við breyttar aðstæður í lífinu, veita stuðning og allar nauðsynlegar upplýsingar. Hjá okkur fá þeir sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur ráðgjöf og fræðslu um einkenni, félagsleg réttindi og þá þjónustu sem í boði er. **Verið velkomin.**

Í boði eru meðal annars:

- Fjölbreytt námskeið
- Símaráðgjöf
- Viðtöl
- Hádegisfyrirlestrar
- Sálfræðiþjónusta
- Fræðslufundir
- Djúpslökun
- Hugleiðsla og jóga
- Öndunaræfingar
- Réttindaráðgjöf

Hjá Ráðgjafarþjónustunni starfa hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi og sálfræðingur. Auk þess eru starfandi 11 stuðningshópar fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur. **Þjónustan er öllum að kostnaðarlausu, fyrir utan einstaka námskeið.**

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Opið alla virka daga frá kl. 9–16.

Gjaldfrjálsa númerið 800 4040

er opið frá kl. 13–15.



Skógarhlíð 8 | 105 Rvk. | radgjof@krabb.is | krabb.is | 540 1900



Tökur á kvikmyndinni Mihkel hófust á mánudaginn og munu standa yfir fram á næsta vor. Leikstjóri myndarinnar er Ari Alexander Ergis Magnússon og Truenorth framleiðir myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fjallar að mestu um bræðrasvik

Tökur á kvikmyndinni Mihkel hófust á mánudaginn, handritshöfundur og leikstjóri kvikmyndarinnar, **Ari Alexander Ergis Magnússon**, segir ferlið ganga vel en myndin verður frumsýnd haustið 2017.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir  
gudrunjona@frettabladid.is



„Hugmyndin kviknaði fyrst árið 2004 þegar ég var staddur í viðtali hjá Íslandi í dag ásamt Sigurjóni Sighvatssyni, við vorum nýkomnir heim frá New York, þar sem við vorum að mynda Björk og Sigur Rós á tónleikum, og vorum sem sagt mættir í viðtal vegna þess. Þegar við erum staddir í biðherbergi niðri á Stöð 2, áður en viðtalið fór fram, situr þar Jónas Ingi Ragnarsson, einn sakborningana í líkfundarmálinu svokallaða, þegar lík hins litháiska Vaidas Jucevicius fannst í höfninni í Neskaupstað 11. febrúar árið 2004 með fíkniefni innvortis. Hann var nýkominn út úr fangelsi á þessum tíma og fór að spjalla við okkur um sín mál, það sem mér fannst mjög áhugavert í frásögn hans var að einn aðillinn í málinu flýr heim til mömmu sinnar í atburðarásinni. Það var þá sem áhugi minn kviknaði fyrir gerð kvikmyndarinnar Mihkel,“ segir Ari Alexander Ergis Magnússon, handritshöfundur og leikstjóri, en Mihkel verður frumsýnd haustið 2017.

Ari hefur mikinn áhuga á þessum heimi og segir kvikmyndina Kristjana F. sem byggð er á hinni heimspekktu bók Dýragarðsbörninn hafa haft mikil áhrif á sig þegar hann var ungur.

„Þetta greip mig rosaalega, ég fékk samúð með þessum einstaklingi sem flúði til móður sinnar, og vildi fjalla um söguna út frá mannlega þættinum, það er að segja að skoða þetta út frá heildinni, þetta var auðvita bara eitt af mörgum tilfellum

**ÞETTA GREIP MIG ROSALEGA, ÉG FÉKK SAMÚÐ MEÐ ÞESSUM EINSTAKLINGI SEM FLÚÐI TIL MÓÐUR SINNAR, OG VILDI FJALLA UM SÖGUNA ÚT FRÁ MANNLEGA ÞÆTTINUM, ÞAÐ ER AÐ SEGJA AÐ SKOÐA ÞETTA ÚT FRÁ HEILDINNI.**



sem hafa átt sér stað hér á landi. Þetta gerist, og er oftar en ekki mannlegur harmleikur,“ segir Ari.

Myndin er nútímasaga sem snýst um hörmuleg örlög manns sem var raunverulega til. Sagan fjallar um Mihkel og Veru, kærustu hans, sem dreymir um að flytja frá Eistlandi til Íslands. Óvæntir atburðir gerast sem hafa afdrifaríkar afleiðingar og enda með því að Mihkel er svikinn af sínum besta og elsta vini.

„Ég er alls ekki að elta atburðinn sjálfan hvað varðar líkfundarmálið. Heldur fjallar myndin sjálf mikið um bræðrasvik. Hvernig þú getur staðið uppi sem maður, eftir að þú hefur svikið þinn besta vin. Ég er ekki að mata ákveðna hluti ofan í áhorfandann, heldur meira að velta upp spurningum. Mihkel og æskuvínur hans Igor eru frá litlu þorpi í Eistlandi og myndin sjálf er byggð á þeirra sögu.

Myndin hefst í Eistlandi þegar Mihkel og Igor eru litlir strákar.

Með hlutverk þeirra fara eistnesku leikararnir Paaru Oja og Kasper Velberg, þeir hafa báðir mikla reynslu sem leikarar og hafa unnið til fjölda verðlauna í kvikmynda-bransanum í Eistlandi. „Þeir eru einar skærustu stjórnur í leiklistarheimi Eistlands, báðir alveg frábærir leikarar,“ segir hann. Ferli kvikmyndarinnar hefur tekið óralangan tíma og fjöldi aðila komið að myndinni. Árið 2008 fékkst styrkur frá Media, Evrópusjóði kvikmynda, og allt leit út fyrir að tökurlæst gætu hafist.

„Svo fór því miður ekki, efna-hagshrunið hafði það mikil áhrif að ekki var hægt að fara í tökurlæst. Í ferlinu öllu hafa margir góðir aðilar komið að myndinni, en árið 2012 var ákveðið að fara aftur af stað og koma þá Friðrik Þór Friðriksson, Kristinn Þórðarson og Leifur B. Dagfinnsson hjá Truenorth að framleiðslu myndarinnar.

Tökur á myndinni hófust á mánudaginn en fyrir utan eistnesku leikarana fara þeir Atli Rafn Sigurðarson og Tómas Lemarquis einnig með burðarhlutverk í myndinni.

„Stemningin á fyrsta tókudegi var virkilega góð, það gekk allt rosaalega vel, þetta er algjört draumalið sem er með okkur. Tökur koma til með að fara fram næstu vikur í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík. Í framhaldinu færum við okkur svo til Djúpavogs og svo Rússlands í janúar og endum svo í Eistlandi í vor,“ segir Ari.

gudrunjona@frettabladid.is

## FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 elis Samkaup BONUS





# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!**



Rnr. 283995

LAND ROVER Discovery 4 SE.  
Nýskr. 07/12, ekinn 164 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 7.900 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 330455

AUDI SQ5.  
Nýskr. 07/14, ekinn 17 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 9.980 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152546

RENAULT Kadjar Expression 4X4.  
Nýskr. 01/16, ekinn 59 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

**VERÐ 3.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 192266

LAND ROVER Discovery Sport S.  
Nýskr. 03/16, ekinn 42 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 6.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 121135

HYUNDAI i10 Comfort.  
Nýskr. 09/14, ekinn 19 þ.km,  
bensín, beinskíptur.

**VERÐ 1.650 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 143758

VW Passat eco/Highline.  
Nýskr. 06/12, ekinn 41 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143742

RENAULT Captur Dynamic.  
Nýskr. 06/15, ekinn 50 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370237

NISSAN X-Trail Acenta.  
Nýskr. 12/14, ekinn 36þ.km,  
dísil, beinskíptur.

**VERÐ 4.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370272

RENAULT Clio Sport Tourer.  
Nýskr. 06/15, ekinn 69 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.290 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370231

NISSAN Pulsar Acenta.  
Nýskr. 05/15, ekinn 33 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.750 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370248

HONDA Civic 1.8i.  
Nýskr. 02/16, ekinn 47 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.090 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 320650

NISSAN Note Acenta Plus.  
Nýskr. 07/15, ekinn 48 þ.km,  
bensín, beinskíptur.

**VERÐ 2.390 ÞÚS. KR.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370157

Range Rover Evoque.  
Nýskr. 04/15, ekinn 47 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 6.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 330462

NISSAN Qashqai Acenta 4X4.  
Nýskr. 06/15, ekinn 41 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

**VERÐ 4.090 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370275

KIA Rio III.  
Nýskr. 06/14, ekinn 42 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

**VERÐ 2.390 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370256

HYUNDAI Santa Fe III Comfort.  
Nýskr. 06/15, ekinn 72 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 5.990 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143721

HONDA CRV Elegance.  
Nýskr. 01/15, ekinn 20 þ.km,  
dísil, beinskíptur.

**VERÐ 5.480 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 360071

CHEVROLET Captiva.  
Nýskr. 02/13, ekinn 92 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.670 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152527

HYUNDAI i20 Classic. Nýskr.  
06/15, ekinn 40 þ.km,  
bensín, beinskíptur

**VERÐ 1.790 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11




Rnr. 370191

CITROEN C4 Cactus.  
Nýskr. 06/15, ekinn 17 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11

**NÝ HEIMASÍÐA  
STÆRRI BÍLAMYNDIR  
www.bilaland.is**



## bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og  
Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.

www.facebook.com/bilaland.is







**MMC Outlander** Intense / 4x4 / Dísil / Beinskiptur

**KJARAKAUP 4.950.000 kr.**

Fullt verð: 5.590.000 kr.

Afsláttur

**640.000 kr.**



# KJARAKAUP

Nú er **tækifærið!**

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi – allir með fimm ára ábyrgð! Kjarakaupin standa yfir til jóla, eða á meðan birgðir endast, og eru bílarnir til sýnis hjá HEKLU Laugavegi 170-174. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin. Hlökkum til að sjá þig!

**VW Golf** Trendline 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

Afsláttur

**KJARAKAUP 2.890.000 kr.**

**300.000 kr.**

Fullt verð: 3.190.000 kr.



TAKMARKAÐ  
MAGN

**Skoda Octavia** G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinsk. Afsláttur

**KJARAKAUP 3.190.000 kr.**

**320.000 kr.**

Fullt verð: 3.510.000 kr.



**VW Caddy** Maxi 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur\*

Afsláttur

**KJARAKAUP 2.750.000 kr.**

**460.000 kr.**

Fullt verð: 3.210.000 kr.



**Skoda Rapid** Spaceback Ambition 1.2 TSI / Bensín / Beinsk. Afsláttur

**KJARAKAUP 2.450.000 kr.**

**440.000 kr.**

Fullt verð: 2.890.000 kr.



FYRSTIR KOMA  
FYRSTIR  
FÁ!

**VW Passat** Highline 1.4 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

Afsláttur

**KJARAKAUP 4.430.000 kr.**

**900.000 kr.**

Fullt verð: 5.330.000 kr.



KOMDU Í  
REYNSLU  
AKSTUR

**VW Amarok** Double Cab 2.0 TDI / Dísil / Beinskiptur\*

Afsláttur

**KJARAKAUP 4.990.000 kr.**

**850.000 kr.**

Fullt verð: 5.840.000 kr.





Bakþankar

Jónu Hrannar Bolladóttur



## Lífið er tengsl

Einhvern tíma skömmu fyrir jól, þegar faðir minn var ungur prestur og barnakarl norður í Laufási við Eyjafjörð, skrapp hann í útrétt-ingar til Akureyrar. Þá tók hann þá skyndiákvörðun að hann gekk inn í skartgripaverslun Sigtryggs og Péturs og festi kaup á eyrna-lokkum handa mómmu minni að færa henni í jólagjöf. Hann gekk út með gjöfina í vasanum og hjartslátt fyrir brjóstinu enda vissi hann að það stóð illa á fyrir þessi jól og nú hafði hann ráðstafað meiru en hann réði við.

Er hann gekk inn Hafnarstrætið mætti hann Hólmgrími bónda í Ystuvík. Og sem þeir hafa heilsast segir Hólmgrímur: Bolli minn, þú ert með stórt og gestkvæmt heimili og mig langar til að mega léttu aðeins undir fyrir þessi jól. Með þeim orðum rétti hann pabba lokað umslag. Föður mínum brá í brún en vissi að ekki tjáði að mótmæla sveitarhöfðingjanum Hólmgrími, svo hann tók við gjöfinni. Er heim var komið og umslagid opnað lá þar upphæð sem samsvaraði eyrnalokkunum. Þessi óvænta velgjörð bóndans í Ystuvík og vitundin um að eiga nágranna sem hugsaði svona hlýtt til fjölskyldu hans bjó alltaf með föður mínum.

Nú nálgast aðventan, þessi myrki og mikilvægi tími þegar við göngum í sjálf okkur og horfum um leið út fyrir eigin persónu. Aðventan og jól eru tengslahátíð og við vitum að gefandi og uppbyggjandi tengsl auka öryggi og gleði í sam-félaginu. Ef þú veist um þrengingar sem þú ert fær um að milda þá hvet ég þig til að finna leið til að gera það, annaðhvort með beinum hætti eins og Hólmgrímur bóndi eða í gegnum hjálparstofnanir. Inntak sjálfs lífsins eru tengsl. Tengsl snúast um það að gefa og þiggja. Þess vegna er sá sæll sem kann hvort tveggja.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

ÍSSKÁPA STRÆÐ



MIDVIKUDAGA KL. 19:50 

Halla!

STOKKHÓLMUR frá

5.999kr.\*

Tímabil: janúar til apríl

Bókaðu flug með WOW air til Stokkhólms, einnar svölustu borgar Skandinavíu. Höfuðborg Svíþjóðar einkennist af afslöppuðu andrúmslofti og vinalegu viðmóti heimamanna. Hönnun, hallir og störfengleg skemmtun í sögulegu umhverfi.



\*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS